

Frumvarp til laga

um Stofnun atvinnuveganna.

Frá atvinnuvegráðherra.

1. gr.

Stofnunin.

Stofnun atvinnuveganna er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.

2. gr.

Hlutverk.

Stofnunin skal starfa að stjórnarsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegs, stjórnar fiskveiða, lagareldis, lax- og silungsveiði, fiskræktar, matvælamála, dýravelferðar og heilbrigði dýra og plantna svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

Stofnunin skal fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna í samræmi við ákvæði laga um skiptaverð og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Stofnunin annast daglega stjórnarsýslu samkvæmt lögum þessum, öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og alþjóðlegum skuldbindingum sem snerta viðfangsefni stofnunarinnar.

3. gr.

Skipulag.

Ráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Skal hann hafa háskóla-menntun sem nýtist í starfi. Forstjóri ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar og ræður starfsmenn.

Stofnunin skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja stefnu um starfsemina og meginverkefni í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

Hjá stofnuninni skal starfa yfirdýralæknir sem ráðinn er af forstjóra. Hann skal vera menntaður dýralæknir með íslenskt starfsleyfi. Yfirdýralæknir skal hafa umsjón með mála-flokkum sem varða heilbrigði og velferð dýra, súna, lyfjaónæmis og málefnum dýralækna og dýrahjúkrunarfræðinga. Hann skal sinna þeim verkefnum sem honum eru falin í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og eftir atvikum af forstjóra stofnunarinnar. Þá skal yfirdýralæknir vera fulltrúi Íslands í alþjóðasamskiptum á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar. Forstjóri skal sjá til þess að yfirdýralæknir njóti faglegs sjálfstæðis í þeim verkefnum sem honum eru falin. Ráðherra skal kveða nánar á um hlutverk yfirdýralæknis í reglugerð.

Innan stofnunarinnar skal rekin sérstök eining með tilteknum starfsmönnum sem fara með hlutverk samkvæmt lögum um skiptaverð og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um skipulag og starfsemi stofnunarinnar í reglugerð.

4. gr.

Verkefni.

Stofnunin skal fara með stjórnýslu og eftirlit í samræmi við lög, m.a. á sviði sjávarútvegs og stjórnar fiskveiða, lagareldis, lax- og silungsveiði, fiskræktar, matvæla, dýraheilbrigðis, dýravelferðar, dýralækna og heilbrigðisstarfsfólks dýra, jarðræktar, fòðurs, sóttvarna, súna, sýklalyfjaónæmis og viðbragðsáætlana, kjötmats og inn- og útflutningseftirlits.

Stofnunin skal einnig m.a.:

- a. veita ráðherra ráðgjöf um þá málaflokka sem falla undir starfssvið stofnunarinnar, þ.m.t. aðstoð við stefnumótun, undirbúning laga og stjórnvaldsfyrirmæla og alþjóðlegt samstarf,
- b. veita öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um mál á starfssviði stofnunarinnar,
- c. vinna að samræmingu og skilvirkni opinbers eftirlits á starfssviði sínu,
- d. vinna að aðgengi fyrir íslenskar afurðir að erlendum mörkuðum,
- e. veita hagsmunaaðilum og almenningi fræðslu um málefni á starfssviði stofnunarinnar,
- f. annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á málefnasviði stofnunarinnar,
- g. sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin með lögum, reglugerðum eða ákvörðun ráðherra,
- h. annast daglega stjórnýslu samkvæmt lögum þessum, öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og alþjóðlegum skuldbindingum sem snerta viðfangsefni stofnunarinnar.

5. gr.

Samningar um afmörkuð verkefni og framkvæmd eftirlits.

Stofnun atvinnuveganna er heimilt að semja við aðra aðila, þar á meðal Umhverfis- og orkustofnun, um afmörkuð verkefni sem stofnuninni er falið að annast enda sé ekki um að ræða starfsemi sem felur í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum aðila.

Ráðherra getur ákveðið að stofnunin skuli með samningi fela aðilum að annast afmarkaða hluta af lögbundnu eftirliti fyrir sína hönd.

Aðilar skv. 1. og 2. mgr. skulu eftir atvikum hafa fullnægjandi menntun, starfsréttindi eða viðeigandi faggildingu. Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð hvaða kröfur skuli gerðar hverju sinni til aðila sem fara með eftirlit.

Aðilar skv. 1. og 2. mgr. og starfsmenn þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnýslulaga, nr. 37/1993.

Um samning skv. 1. og 2. mgr. fer eftir 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, að því leyti sem strangari eða ítarlegri kröfur koma ekki fram í lögum þessum eða öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og mæla fyrir um eftirlit.

6. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga.

Stofnuninni er heimilt að vinna upplýsingar sem aflað er í eftirlitstilgangi eða til söfnunar, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á málefnasviði stofnunarinnar í samræmi við hlutverk hennar, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

7. gr.
Gjaldskrá.

Ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum stofnunarinnar, gjaldskrá fyrir þjónustu og eftirlit sem stofnuninni er falið að sinna samkvæmt lögum þessum, öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Við gildistöku laga þessara skulu Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs lagðar niður og tekur Stofnun atvinnuveganna við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum stofnananna. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um Fiskistofu, nr. 36/1992, og lög um Matvælastofnun, nr. 30/2018.

Embætti fiskistofustjóra, forstjóra Matvælastofnunar, forstöðumanns Verðlagsstofu skiptaverðs og embætti yfirdýralæknis eru lögð niður við gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt að skipa forstjóra nýrrar stofnunar fyrir gildistöku þessara laga og skal hann hafa heimild til að undirbúa gildistöku laganna og starfsemi nýrrar stofnunar.

9. gr.
Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995.

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
 1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 23. tölul. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. 24. tölul. fellur brott.
 3. Í stað orðanna „opinberir eftirlitsaðilar“ í 32. tölul. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- b. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 5. gr., 2. mgr. 13. gr. b, 2. og 3. mgr. 13. gr. d, 2. mgr., tvívegis í 4. mgr. og 6. mgr. 13. gr. f, 1. mgr. 19. gr., tvívegis í 27. gr. d og 4. mgr. 28. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- c. 6. gr. laganna orðast svo:

Stofnun atvinnuveganna annast opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum.
- d. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. a laganna:
 1. Í stað orðanna „opinberir eftirlitsaðilar samkvæmt lögum þessum“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinberum eftirlitsaðilum“ í 1. másl. 6. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. c laganna:
 1. Í stað orðanna „hlutaðeigandi opinberum eftirlitsaðila“ í 1. másl. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðsins „yfirvöldum“ og „yfirvöld“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna; og: stofnunina.
- f. Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:
 1. Í stað orðanna „viðkomandi opinberum eftirlitsaðila“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ þrívegis í 1. mgr. og 5. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

4. Í stað orðanna „opinberum eftirlitsaðila“ tvívegis í 2. mgr., 3. mgr. og 7. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- g. Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:
1. Í stað orðanna „opinberir aðilar“ í 7. másl. 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar, sbr. IX. kafla laganna, geta“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna getur.
 3. 3. másl. 3. mgr. verður svohljóðandi: Stofnun atvinnuveganna skal einnig með öðrum hætti vinna að því að fyrirbyggja að matvæli geti valdið heilsutjóni og grípa til viðeigandi ráðstafana ef vart verður við matarsjúkdóma eða smithættu.
- h. Í stað orðsins „eftirlitsaðila“ í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- i. Í stað orðanna „opinberum eftirlitsaðilum að beiðni þeirra“ í 3. másl. 2. mgr. 13. gr. a laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna að beiðni hennar.
- j. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:
1. Í stað orðsins „Heilbrigðisnefnd“ í 1. og 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Orðin „að undanskildum innflutningi, sbr. 6. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
 3. Í stað orðsins „eftirlitsaðili“ tvívegis í 1. másl. og 2. másl. 5. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- k. Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:
1. 1. mgr. orðast svo:
Framleiðsla og dreifing matvæla er háð leyfi Stofnunar atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „Þeir sem annast leyfisveitingu geta“ í 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna getur.
 3. Í stað orðanna „viðkomandi eftirliti“ í 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- l. Eftirfarandi breytingar verða á 22. gr. laganna:
1. 1. másl. 1. mgr. orðast svo: Stofnun atvinnuveganna fer með opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 3. másl. 1. mgr. og 2. másl. 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 3. 2., 4. og 5. másl. 1. mgr. falla brott.
 4. 2.–5. mgr. falla brott.
 5. Í stað orðanna „Opinbert eftirlit“ í 1. másl. 6. mgr. kemur: Eftirlit Stofnunar atvinnuveganna.
 6. Í stað orðanna „opinbers eftirlits“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: eftirlits Stofnunar atvinnuveganna.
 7. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar skulu“ í 2. másl. 7. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna skal.
 8. 8., 9. og 11. mgr. falla brott.
 9. 10. mgr. orðast svo:
Stofnun atvinnuveganna skal skrá og birta upplýsingar um opinbert eftirlit samkvæmt lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
- m. Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:
1. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðilum“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðanna „honum upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem hann ákveður“ í 2. mgr. kemur: upplýsingar um starfsemi og ástand fyrirtækja á þann hátt sem stofnunin ákveður.

4. Í stað orðanna „opinberan eftirlitsaðila“ í 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 5. Í stað orðsins „hann“ í 3. mgr. kemur: stofnunin.
 6. Í stað orðanna „opinberu eftirliti“ í 5. mgr. kemur: eftirliti Stofnunar atvinnuveganna.
- n. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að úthluta tilteknum opinberum“ í 23. gr. a laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna er heimilt að úthluta tilteknum.
- o. Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:
1. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinberum eftirlitsaðilum“ í 1. og 3. másl. 2. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd sem þeir kunna“ í 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna er bundin þagnarskyldu um atriði sem varða framleiðslu- og verslunarleynd sem stofnunin kann.
 4. Orðið „Heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. 4. mgr. fellur brott.
 5. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- p. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
1. Í stað orðanna „opinbera eftirlitsaðila“ í d-, e- og g-lið 1. mgr., 1. másl. 4. mgr., í inngangsmásl. 6. mgr. og 2. másl. 8. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili“ í 1. másl. 3. mgr. og 7. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 4. mgr. og tvívegis í 6. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
 4. 2. másl. 4. mgr. fellur brott.
 5. Í stað orðanna „landamærastöðvum“ í 9. mgr. kemur: landamæraeftirlitsstöðvum.
 6. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila vegna eftirlits sem hann“ í 10. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna vegna eftirlits sem hún.
- q. Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. a laganna:
1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili lagt fyrir stjórnanda matvælafyrirtækis að hann tilkynni honum“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna lagt fyrir stjórnanda matvælafyrirtækis að hann tilkynni stofnuninni.
 3. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
- r. Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. b laganna:
1. 1 mgr. orðast svo:

Allur innflutningur búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins skal fara um landamæraeftirlitsstöðvar. Stofnun atvinnuveganna tilnefnir landamæraeftirlitsstöðvar samkvæmt umsókn rekstraraðila, staðfestir skráningu og heldur skrá yfir stöðvarnar. Stofnun atvinnuveganna hefur eftirlit með landamæraeftirlitsstöðvum og skal afturkalla tilnefningu ef skilyrði eru ekki uppfyllt.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. mgr. og 1. og 2. másl. 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðsins „landamærastöðvum“ í 3. mgr. kemur: landamæraeftirlitsstöðvum.
 4. 6. mgr. fellur brott.

- s. Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. e laganna:
1. 1. mgr. orðast svo:
Til að tryggja að Stofnun atvinnuveganna fari að tilskildum ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim skal stofnunin framkvæma innri úttektir eða láta framkvæma slíkar úttektir og gripa til viðeigandi ráðstafana í ljósi niðurstaðna úr úttektunum.
 2. Í stað orðanna „opinberu eftirliti“ í 2. mgr. kemur: eftirliti samkvæmt lögum þessum.
- t. 27. gr. f laganna orðast svo:
Stofnun atvinnuveganna er heimilt að skila niðurstöðum eftirlits á grundvelli laga þessara og ársskýrslum inn í upplýsingakerfi Evrópusambandsins.
- u. Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr. a laganna:
1. Í stað orðanna „skulu hlutaðeigandi opinberir eftirlitsaðilar“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: skal Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
 3. Í stað orðanna „Eftirlitsaðilar skulu“ í 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna skal.
- v. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. og í 3. mgr. 29. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- w. Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:
1. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðila“ í 1. mgr., 1. másl. 3. mgr., 4. mgr. og 2. másl. 5. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinberir eftirlitsaðilar leggja hald á matvæli er þeim“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna leggur hald á matvæli er henni.
- x. Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. a laganna:
1. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili“ í 1. másl. og í fyrra sinnið í 4. másl. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. másl. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Orðin „en dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna ákveða skulu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði“ í 2. másl. falla brott.
 4. Í stað orðanna „viðkomandi opinberum eftirlitsaðila“ í 4. másl. kemur: stofnuninni.
- y. Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. b laganna:
1. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðila“ í 1. og 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili“ í 2. mgr. kemur: stofnunin.
 3. Í stað orðanna „opinber eftirlitsaðili“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- z. Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. c laganna:
1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. og 1. og 3. másl. 2. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Orðin „en tilkynna skal það hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd“ í 1. mgr. falla brott.
 3. 2. másl. 2. mgr. fellur brott.
 4. Orðin „og heilbrigðisnefndir“ í 3. másl. 2. mgr. falla brott.
- aa. 30. gr. e laganna fellur brott.
- bb. Í stað orðanna „Opinberir eftirlitsaðilar geta“ í 1. mgr. 30. gr. f laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna getur.
- cc. Í stað orðsins „landamærastöðva“ í 2. másl. 1. mgr. 31. gr. a laganna kemur: landamæraeftirlitsstöðva.

10. gr.

Breyting á lögum um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, nr. 130/2014.

- a. 9. tölul. 3. gr. laganna orðast svo: Opinber eftirlitsaðili er Stofnun atvinnuveganna.
- b. Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. laganna:
 1. Í stað orðanna „skriflega til Matvælastofnunar“ í 1. mgr. kemur: til Hugverkastofunnar.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 4. mgr. kemur: Hugverkastofan.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:
 1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. kemur: Hugverkastofan.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Hugverkastofan.
 3. Í stað orðsins „Hugverkastofunni“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 4. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Hugverkastofunni.
- d. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. og 2. másl. 2. mgr. 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Hugverkastofan.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:
 1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1., 2. og 4. mgr. kemur: Hugverkastofan.
 2. Í stað orðanna „innan þriggja mánaða frá því að“ í 1. mgr. kemur: þegar.
 3. Í stað orðanna „B-deild Stjórnartíðinda“ í 2. mgr. kemur: Hugverkatíðindum.
- f. Í stað orðanna „B-deild Stjórnartíðinda“ í 1. mgr. 17. gr. kemur: Hugverkatíðindum.
- g. Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:
 1. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ tvívegis í 2. másl. 2. mgr. og 3. mgr. kemur: Hugverkastofan.
 2. Í stað orðanna „B-deild Stjórnartíðinda“ í 3. mgr. kemur: Hugverkatíðindum.
- h. Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 20. gr. laganna:
 1. Orðið „Skriflegri“ fellur brott.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ kemur: Hugverkastofunnar.
- i. 21. gr. laganna orðast svo:

Fyrir móttöku og meðferð umsókna og breytingu á afurðarlýsingu skal greiða tilskilið gjald til Hugverkastofunnar.

Gjöld skulu standa undir kostnaði Hugverkastofunnar vegna skráningar afurðarheita og þjónustu sem veitt er og skulu gjöld taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum.

Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.
- j. 22. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Afnám skráningar.

Hafi afurðarheiti verið skráð andstætt ákvæðum laga þessara er unnt að ógilda skráninguna með ákvörðun Hugverkastofunnar.

Heimilt er að fella skráningu afurðarheitis úr gildi með ákvörðun Hugverkastofunnar ef:

- a. afurðin er ekki framleidd í samræmi við afurðarlýsingu skv. 14. gr.,
- b. afurðin hefur ekki verið markaðssett undir skráðu heiti í sjö ár.

Hver sá sem hefur lögmetra hagsmuna að gæta getur krafist afnáms skráningar afurðarheitis. Krafan skal vera skrifleg og henni skal fylgja rökstuðningur. Stofnun atvinnuveganna skal tilkynna Hugverkastofunni ef við eftirlit skv. VII. kafla kemur í ljós að afurð er ekki framleidd í samræmi við afurðarlýsingu.

Notendum skráðs afurðarheitis skal tilkynnt um kröfu um afnám skráningar og þeim gefinn kostur á að tjá sig um málið innan tveggja mánaða.

Verði skráning afurðarheitis ógilt eða felld úr gildi skal birta tilkynningu þar að lútandi í Hugverkatiðindum og skráning svo afmáð úr afurðarheitaskrá í samræmi við niðurstöðu þegar endanleg úrlausn ráðherra eða dómstóla liggur fyrir, ef við á.

- k. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 3. másl. 25. gr. laganna kemur: Hugverkastofunnar.
- l. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. másl. 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: Hugverka-
stofan.
- m. Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:
 - 1. Í stað orðanna „Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna hefur.
 - 2. Í stað orðanna „Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga sinna“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnunin sinnir.
 - 3. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 - 4. 3. mgr. fellur brott.
 - 5. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. másl. 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 - 6. 2. og 4. másl. 4. mgr. falla brott.
 - 7. Fyrirsögn greinarinnar verður: *Eftirlit Stofnunar atvinnuveganna.*
- n. Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:
 - 1. 1. og 2. mgr. falla brott.
 - 2. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðila“ í 3., 4. og 5. mgr. kemur, í viðeigandi beyg-
ingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 - 3. Í stað orðsins „honum“ í 4. mgr. kemur: stofnuninni.
 - 4. Í stað orðsins „hann“ í 4. mgr. kemur: hún.
- o. 2. mgr. 31. gr. laganna fellur brott.
- p. Eftirfarandi breytingar verða á 32. gr. laganna:
 - 1. Í stað orðanna „opinberra eftirlitsaðila og gefur hann út gjaldskrá fyrir eftirlit Mat-
vælastofnunar“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna og gefur hann út
gjaldskrá.
 - 2. 2. másl. 3. mgr. fellur brott.
 - 3. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 4. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
 - 4. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðilum“ í 2. másl. 5. mgr. kemur: Stofnun
atvinnuveganna.
 - 5. Í stað orðanna „opinbers eftirlitsaðila“ í 6. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
 - 6. Í stað orðsins „hann“ í 6. mgr. kemur: hún.
- q. Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
 - 1. Í stað orðanna „Matvælastofnun og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga“ í 1. mgr.
kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 - 2. Í stað orðanna „Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga“ í 2. mgr. kemur:
Stofnun atvinnuveganna.
- r. Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:
 - 1. Í stað orðanna „Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga geta“ í 1. mgr.
kemur: Stofnun atvinnuveganna getur.
 - 2. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í b-lið 1. mgr. kemur: Hugverkastofunnar.
 - 3. Í stað orðanna „Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga“ í 5. másl.
4. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.

4. Í stað orðanna „Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
5. Í stað orðanna „Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga tilkynna“ í 2. másl. 7. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna tilkynnir.
- s. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í b-lið 1. mgr. 35. gr. laganna kemur: Hugverkastofnunar.
- t. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr., þrívégis í 2. mgr., tvívégis í 3. mgr., tvívégis í 4. mgr., tvívégis í 5. mgr. og 6. mgr. 36. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- u. Við lögin bætist ný grein, 40. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Kæruleið.

Ákvarðanir Hugverkastofnunar um skráningu afurðarheita skv. I.–VI. kafla og ákvarðanir Stofnunar atvinnuveganna vegna eftirlits skv. VII. kafla eru kæránlegar til ráðherra innan tveggja mánaða frá þeim degi sem ákvörðun er tekin.

11. gr.

Breyting á lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 10. tölul. 2. gr. a, 1. mgr. 3. gr., 1. mgr., tvívégis í 2. mgr. og tvívégis í 3. mgr. 4. gr., tvívégis í 1. mgr. og 6. mgr. 5. gr., þrívégis í 1. mgr. 6. gr., tvívégis í 1. mgr. 6. gr. a, tvívégis í 1. mgr. og 3. mgr. 6. gr. b, tvívégis í 1. mgr. og 2., 3., og 4. mgr. 7. gr. e, 7. gr. f, 3. mgr. 7. gr. g, 7. gr. h, 1. mgr. og tvívégis í 2. mgr. 7. gr. m, tvívégis í 7. gr. n, 1. mgr., tvívégis í 3. mgr., 4. og 5. mgr. 9. gr., þrívégis í 9. gr. a, 9. gr. c, 9. gr. d, a-lið 1. mgr. 9. gr. e, 1. mgr., þrívégis í 2. mgr., tvívégis í 3. mgr., tvívégis í 4. mgr., tvívégis í 5. mgr. og 6. mgr. 9. gr. f, í inngangsmálslið og a-lið 1. mgr., 3. mgr. og 5. mgr. 9. gr. g, þrívégis í 9. gr. h, í 1. og 2. mgr. 9. gr. i og 9. gr. j laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- b. 2.–4. mgr. 3. gr. laganna falla brott.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. c laganna:
 1. 2. mgr. orðast svo:

Til að tryggja að Stofnun atvinnuveganna fari að ákvæðum laga þessara og stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim skal stofnunin framkvæma innri úttektir eða láta framkvæma úttekt á stofnuninni og gera viðeigandi ráðstafanir í ljósi niðurstaðna úr úttektum.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- d. Í stað orðsins „landamæraastöðva“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: landamæraeftirlitsstöðva.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. i laganna:
 1. 1. mgr. orðast svo:

Allur innflutningur fódurs frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem inniheldur dýraafurðir skal fara um landamæraeftirlitsstöðvar. Stofnun atvinnuveganna tilnefnir landamæraeftirlitsstöðvar samkvæmt umsókn rekstraraðila, staðfestir skráningu og heldur skrá yfir stöðvarnar. Stofnun atvinnuveganna hefur eftirlit með landamæraeftirlitsstöðvum og skal afturkalla tilnefningu ef skilyrði eru ekki uppfyllt.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. og 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðsins „landamæraastöðvum“ í 3. mgr. kemur: landamæraeftirlitsstöðvum.
- f. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. j laganna:

1. Í stað orðanna „Opinberum eftirlitsaðila“ tvívegis í 1. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðsins „þeim“ í 3. málsl. 1. mgr. kemur: stofnuninni.
 3. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. og 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- g. Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:
1. Orðið „Heilbrigðisnefnd“ í 3. mgr. fellur brott.
 2. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 3., 4., 5., tvívegis í 7. mgr. og 8. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

12. gr.

Breyting á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998.

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:
1. 1. mgr. orðast svo:
Stofnun atvinnuveganna skal fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.
 2. Í stað orðanna „Verðlagsstofa skiptaverðs“ í 2. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. 3. mgr. fellur brott.
- b. 2. gr. laganna orðast svo:
Innan Stofnunar atvinnuveganna skal rekin sérstök eining með tilteknum starfsmönnum sem fara með hlutverk samkvæmt lögum þessum. Ráðherra er heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr.
- c. Í stað orðanna „Verðlagsstofa skiptaverðs“ í 3. gr., 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 4. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 1. mgr. 11. gr., 12. gr., tvívegis í 13. gr. og 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- d. Í stað orðsins „Stofan“ tvívegis í 3. gr., 1. mgr. 7. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- e. Í stað orðsins „Verðlagsstofa“ tvívegis í 6. gr. og 2. mgr. 7. gr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- f. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
1. Í stað orðsins „Verðlagsstofa“ og orðanna „Verðlagsstofu skiptaverðs“ í 1. másl. og orðsins „Verðlagsstofu“ í 2. másl. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „Fiskistofu og“ í 1. másl. kemur: öllum.
- g. Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:
1. Á eftir orðunum „einstakra mála“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: og úrtakskannanir.
 2. Í stað orðanna „Verðlagsstofa skiptaverðs“ í 1. másl. 1. mgr., 2., 3. og 2. másl. 4. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Í stað orðsins „Verðlagsstofa“ 2. másl. 1. mgr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 4. Í stað orðsins „stofan“ í 3. másl. 1. mgr. og 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: stofnunin.
 5. Á eftir orðunum „einstakra mála“ í 2. másl. 2. mgr. kemur: og úrtakskannanir.
 6. Á eftir orðunum „einstökum málum“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: úrtakskannana.
 7. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Stofnun atvinnuveganna er heimill rafrænn aðgangur að upplýsingakerfum toll-yfirvalda um útflutningsverð á fiski og afurðaverði vegna eftirlits samkvæmt lögum

Þessum. Þannig skal stofnunin fylgjast með og bera saman upplýsingar um útflutningsverð fiskis og afurða í opinberum skráningum og þeim upplýsingum sem útgerðir og útflutningsaðilar senda stofnuninni. Stofnun atvinnuveganna og starfsmenn hennar skulu meðhöndla upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Stofnun atvinnuveganna og starfsmennirnir bera jafnframt sömu þagnarskyldu og starfsmenn tollyfirvalda samkvæmt ákvæðum tollalaga.

- h. Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. a laganna:
 1. 1. másl. orðast svo: Í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, skal stofnunin staðfesta að fyrir liggja samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara.
 2. Í stað orðsins „stofan“ í 2. og 3. másl. kemur: stofnunin.
 3. Í stað orðanna „Verðlagsstofa skiptaverðs“ í 3. másl. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- i. Fyrirsögn I. kafla laganna verður: **Stofnun atvinnuveganna.**
- j. Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:
 1. Í stað orðanna „Verðlagsstofu skiptaverðs“ í 1. másl. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 2. Við 1. másl. bætist: hvað varðar verkefni laga þessara.
- k. Heiti laganna verður: **Lög um skiptaverð og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.**

13. gr.

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 3. mgr., tvívegis í 5. mgr., 7. og 10. mgr. 6. gr., 1. og 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., 3. tölul. 6. mgr. og 9. mgr. 6. gr. a, 2. másl. 6. mgr. 8. gr., 4. mgr. 9. gr., þrívegis í 8. mgr. 10. gr., 8. mgr. 11. gr., þrívegis í 6. mgr. 12. gr., þrívegis í 1. mgr. og þrívegis í 2. mgr. 14. gr., 1. og 2. mgr., 1. og 2. másl., í fyrra sinn í 3. másl., 4. másl. og fyrsta og annað sinn í 5. másl. 3. mgr., 5. mgr. og 8. mgr. 15. gr., 1. og 4. mgr. 15. gr. b, 1. mgr., þrívegis í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og 5. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr., 19. gr. og þrívegis í 24. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Orðin „Verðlagsstofu skiptaverðs“ í 4. másl. 2. tölul. 4. mgr. 6. gr. og í 4. másl. 3. mgr. 15. gr. laganna falla brott.
- c. Í stað orðanna „Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum“ í 4. másl. 6. mgr. 8. gr., 10. mgr. 10. gr., 8. másl. 6. mgr. 12. gr. og 3. og 5. másl. 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna.
- d. Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu allra veiðileyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna úthlutunar og flutnings aflamarks og aflahlutdeildar, útgáfu vottorða, sendingar tilkynninga, sjóstangaveiðimóta, frístundaveiða, gagnavinnslu, aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram.

Gjalddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. skulu gjöld fyrir veiðileyfi greidd áður en leyfi er gefið út.

- e. Á eftir 2. mgr. 17. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Stofnuninni er heimilt að afla nauðsynlegra upplýsinga um útflutning á sjávarafurðum hjá tollyfirvöldum með stafrænum hætti. Tollyfirvöld skulu láta stofnuninni í té umbeðnar upplýsingar með stafrænum hætti, að því marki sem slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að unnt sé að framfylgja ákvæðum laga þessara um eftirlit með útflutningi sjávarafurða sem og til að stofnunin geti tryggt rekjanleika með veiðum til sölu sjávarafurða. Standa ákvæði um þagnarskyldu þessu ekki í vegi. Á starfsmönnum stofnunarinnar hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Þeim er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, að skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í sýslan sinni um tekjur, efnahag og viðskipti einstakra manna og fyrirtækja. Þagnarskyldan helst þótt sé látið af störfum. Ráðherra er heimilt með reglugerð að útfæra nánar gagnasamskipti milli Stofnunar atvinnuveganna og Skattsins.

- f. Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Eftirlitsmönnum Stofnunar atvinnuveganna er heimilt að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum sem eru búin myndavélum til upptöku eða annan fjarstýrðan búnað sem getur safnað upplýsingum, m.a. með neðansjávarförum. Skal gæta þess að einungis sé rafrænt eftirlit eða vöktun á þeim stöðum sem nauðsynlegt er talið vegna almanna-hagsmuna og til þess að eftirlitsmenn stofnunarinnar geti uppfyllt eftirlitsskyldu sína. Stofnun atvinnuveganna skal tilkynna opinberlega eða á vef sínum um fyrirhugað eftirlit með fjarstýrðum búnaði.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafrænt eftirlit eða vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær en í síðasta lagi þegar heimild til að beita viðurlögum við háttsemi fellur niður. Verði eftirlitsmenn Stofnunar atvinnuveganna áskynja um ætlað brot gegn lögum á málefnasviði stofnunarinnar í upplýsingum sem verða til við rafrænt eftirlit eða vöktun er stofnuninni heimilt að varðveita upplýsingarnar þar til máli telst lokið. Hafi máli lokið með beitingu stjórnsýsluviðurlaga telst því lokið þegar frestur til að höfða dómsmál er runninn út eða endanlegur dómur hefur fallið um það.

Stofnun atvinnuveganna er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga sem verða til við rafrænt eftirlit eða vöktun og um eignarhald útgerðarféлага og annarra upplýsinga sem stofnuninni berast og eru nauðsynlegar í þágu lögbundins eftirlits stofnunarinnar, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum á sviði fiskveiðistjórnar, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Stofnun atvinnuveganna er ekki heimilt að láta í té upplýsingar sem verða til við rafrænt eftirlit eða vöktun nema til lögreglu vegna rannsóknar á ætluðu broti. Stofnun atvinnuveganna er þó heimilt að eiga samstarf við útgerðaraðila um rafræna vöktun í fiskiskipum. Sé slíkt fyrirkomulag og búnaður í skipi skal eftirlitsmönnum vera heimill aðgangur að þeim upplýsingum sem til verða við rafrænt eftirlit eða vöktun um borð, til söfnunar og úrvinnslu.

14. gr.

Breyting á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006.

- a. Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:
1. 1. mgr. orðast svo:
Stofnun atvinnuveganna fer með framkvæmd stjórnýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum.
 2. Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 3. mgr. 4. gr. kemur: Stofnun atvinnuveganna.
 3. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Stjórnýsla*.
- b. Í stað orðsins „Fiskistofa“ tvívegis í 1. mgr., 2. og 3. mgr. 4. gr. a, 1. mgr. 9. gr., 2. og 3. mgr. 11. gr., 1. mgr., 1. og 3. mgr. 12. gr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 13. gr., 2., 5. og 7. mgr. 15. gr., 1. mgr. 16. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 17. gr., 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 18. gr., tvívegis í 2. mgr. 19. gr., tvívegis í 3. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 23. gr., 1. og 2. mgr. 24. gr., 25. gr., 1., og 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 5. mgr. og tvívegis í 6. mgr. 26. gr., tvívegis í 3. mgr. 27. gr., 3., 5., 6. og 7. mgr. 28. gr. tvívegis í 2. mgr. 29. gr., tvívegis í 3. mgr. 30. gr., 2. mgr. 32. gr., tvívegis í 1. mgr., 2. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr., 7. mgr. og í fyrirsögn 33. gr. a, 1. og 3. mgr. 34. gr., 3. mgr. 35. gr., 1. mgr. 36. gr., 2. mgr. 38. gr., 1., 6. og 8. mgr. 39. gr., 5. mgr. 41. gr., 2. og 3. mgr. 42. gr. og 1. og 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- c. Eftirfarandi breytingar verða á 33. gr. laganna:
1. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
 2. Í stað orðanna „Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum“ í 2. másl. 4. mgr. kemur: Stofnunar atvinnuveganna, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna.
- d. Á eftir 55. gr. laganna kemur nýr kafli, VIII. kafli A, **Gjaldheimildir**, með einni nýrri grein, 56. gr. a, svohljóðandi:
- Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu allra leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna útgáfu vottorða, sendingar tilkynninga, birtingar arðskráa og samþykktá í Lögbirtingablaði, gagnavinnslu, aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tíma-gjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.
- Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldldaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

15. gr.

Breyting á lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011.

- a. 4. gr. laganna orðast svo:
- Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum en framkvæmd stjórnýslunnar er að öðru leyti í höndum Stofnunar atvinnuveganna sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Einnig hefur stofnunin eftirlit með veiðum skeldýra

til áframhaldandi ræktunar, vigtun og skráningu sjávarafla í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda á hverjum tíma. Þá skal stofnunin halda utan um upplýsingar sem varða veiði skeldýra á hverjum tíma, svo sem hvaða aðilar stunda veiðarnar, aflabrögð og hvar skeldýranna er aflað. Jafnframt hefur stofnunin eftirlit með því að veiði á skeldýrum sé einungis stunduð á svæðum sem flokkuð hafa verið af stofnuninni. Landhelgisgæsla Íslands annast eftirlit með skeldýraræktarbúnaði á hafi úti. Hafrannsóknastofnun vaktar vöxt svifþörungna.

- b. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. og 2. mgr. 5. gr., 6. gr., tvívegis í 3. mgr. 9. gr., b-lið 1. mgr. 15. gr. og 17. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- c. Orðið „Matvælastofnunar“ í 2. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.
- d. Orðið „Matvælastofnunar“ í 6. gr. laganna fellur brott.
- e. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1., 2., 3., 4., 7., 8. og 9. mgr. 7. gr., 1. mgr. 8. gr., 1. og 2. mgr., þrívegis í 3. mgr., 4. mgr., tvívegis í 5. mgr., 6. og 7. mgr. 9. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., 3. og 4. mgr. 10. gr., 12. gr., tvívegis í 13. gr., 1., 2. og 3. mgr., þrívegis í 5. mgr., 6. og 7. mgr. 15. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- f. Orðið „Fiskistofu“ í 2. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.
- g. Orðið „Matvælastofnunar“ í 17. gr. laganna fellur brott.

16. gr.

Breyting á lögum um dýralyf, nr. 14/2022.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í a-lið 9. gr., 2. mgr. 12. gr., 3. mgr. 16. gr., 1. mgr. 25. gr., 1. og 3. mgr. 27. gr., 1. mgr. 28. gr., b-lið 1. mgr. 41. gr., 5. mgr. 45. gr., 3. mgr. 47. gr., 1. og 2. mgr. 48. gr., 3. mgr. 49. gr., 2., 3., 4. og 6. mgr., tvívegis í 7. mgr., tvívegis í 9. mgr., 11. og 12. mgr. 52. gr. og 1. og 2. mgr. 53. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

17. gr.

Breyting á lyfjalögum, nr. 100/2020.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. mgr. 29. gr., b-lið 1. mgr. 35. gr., 61. gr., 1. og 2. mgr. og í fyrirsögn 78. gr. og 1. mgr. 80. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

18. gr.

Breyting á lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð, nr. 89/2019.

Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 1. mgr. 2. gr., 2. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 3. gr., 4. gr. og 4. mgr. 5. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

19. gr.

Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 155/2018.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr. 17. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

20. gr.

Breyting á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr. 3. gr., 3. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

21. gr.

Breyting á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. málsli. 6. gr. laganna:

- a. Orðið „Matvælastofnun“ fellur brott.
- b. Í stað orðsins „Fiskistofa“ kemur: Stofnun atvinnuveganna.

22. gr.

Breyting á efnalögum, 61/2013.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. málsli. 1. mgr. 34. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

23. gr.

Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013:

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 63. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 64. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

24. gr.

Breyting á lögum um velferð dýra, 55/2013.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., a-, b-, og c-lið 2. mgr. og 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr., þrívægis í 1. mgr. og þrívægis í 2. mgr. 8. gr., 1. og 2. mgr. 9. gr., tvívegis í 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 3. mgr. 18. gr., 1. og 3. mgr. 20. gr., 2. mgr. 21. gr., 2. mgr. 22. gr., 1. mgr. 26. gr., 3. mgr. 32. gr., 1. og 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og tvívegis í 5. mgr. 33. gr., 1., 2. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og í fyrirsögn 34. gr., 35. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 36. gr., sjö sinnum í 1. mgr., 2., 3. og 4. mgr. 37. gr., tvívegis í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 38. gr., 39. gr., tvívegis í 40. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., 4. og 5. mgr., þrívægis í 6. mgr. og 7. mgr. 42. gr., 1. og 2. mgr. 43. gr., 6. mgr., þrívægis í 7. mgr., tvívegis í 8. mgr., 9. mgr., tvívegis í 10. mgr. og 11. mgr. 45. gr. og 48. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

25. gr.

Breyting á lögum um búffárhald, nr. 38/2013.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 11. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

26. gr.

Breytingar á lögum um stjórn vatnamála, nr. 36/2011.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. mgr. 9. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ kemur: Stofnun atvinnuveganna.
- b. Orðið „Matvælastofnun“ fellur brott.

27. gr.

Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og tvívegis í 6. mgr. 2. gr., 1. og 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

28. gr.

Breyting á lögum um Fiskræktarsjóð, nr. 72/2008.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 3. mgr. 8. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna.

29. gr.

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 4. gr., 4. mgr. 4. gr. a, 1. og 2. mgr. og þrívægis í 3. mgr. 4. gr. b, fjórum sinnum í 2. mgr. 5. gr., tvívegis í 4. mgr. 6. gr. a, 3. mgr. 6. gr. b, 1., 2. og 3. mgr. 7. gr., 2. mgr. 8. gr., fjórum sinnum í 2. mgr., 3. og 4. mgr. og í fyrirsögn 9. gr., tvívegis í 1. mgr., 2., 6., 8., 9., og 10. mgr. 10. gr., þrívægis í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og þrívægis í 3. mgr. 10. gr. a, 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., þrívægis í 2. mgr., 3. og 4. mgr. 13. gr. a, tvívegis í 1. mgr., fimm sinnum í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., 4. mgr., tvívegis í 5., tvívegis í 7. mgr. og 10. mgr. 14. gr., þrívægis í 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 14. gr. a, þrívægis í 1. mgr. og 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 16. gr., tvívegis í 16. gr. a, 17. gr., 1. og 2. mgr. 19. gr. b, í inngangsmálslið og a-lið 19. gr. c, þrívægis í 20. gr., 1., 2. og 3. mgr. 20. gr. f, 2. mgr. 21. gr., 1., 4. og 5. mgr. 21. gr. a, fjórum sinnum í 21. gr. b, fjórum sinnum í 1. mgr. og tíu sinnum í 2. mgr. 21. gr. c, í inngangsmálslið og 4. og 7. tölul. 1. mgr., 3., 4. og 5. mgr. og tvívegis í 6. mgr. 21. gr. d, 21. gr. e, og 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Í stað orðanna „Fiskistofu, Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 6. gr. og 1. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
- c. Orðið „Fiskistofu“ í 2. mgr. 7. gr. og orðið „Matvælastofnunar“ í 1. mgr. 19. gr. laganna falla brott.
- d. Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 2. og 3. másl. 1. mgr., 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna, kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

30. gr.

Breyting á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, nr. 91/2006.

Í stað orðsins „Fiskistofa“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

31. gr.

Breyting á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum, nr. 60/2006.

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 4. gr., 6. gr., 7. gr., tvívegis í 8. gr., tvívegis í 9. gr., 10. gr., 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 12. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Í stað 2. másl. 2. mgr. 4. gr. laganna koma nýir málsliðir, svohljóðandi: Ráðherra skipar þriggja manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu Stofnunar atvinnuveganna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stofnun atvinnuveganna skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar útbreiðslu fisksjúkdóma sem getur um í lögum þessum og annað er lýtur að fisksjúkdómum.

32. gr.

Breyting á lögum um fiskrækt, nr. 58/2006.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., þrívégis í 6. gr., tvívégis í 7. gr., tvívégis í 1. mgr. og 2. mgr. 10. gr., þrívégis í 11. gr., fjórum sinnum og í fyrirsögn 12. gr. og 13. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

33. gr.

Breyting á lögum um yrkisrétt, nr. 58/2000.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ tvívégis í 1. mgr. 1. gr., 1. og 5. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 5. gr., tvívégis í 2. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 1. og 2. mgr. 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 13. gr., 1., 2. og 3. mgr. 14. gr., 15. gr., 19. gr. og tvívégis í 1. mgr. 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

34. gr.

Breyting á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998.

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. og 2. mgr. 4. gr., 1. og 2. mgr. 5. gr., 2., 3., 4., 5. og 6. mgr. 6. gr., 1. og 4. mgr. 6. gr. a, 1. mgr. 6. gr. b, 5. mgr. og tvívégis í 6. mgr. 9. gr., 1. mgr. 10. gr., tvívégis í 2. mgr. og 3. mgr. 11. gr., 1. mgr. 12. gr., 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 15. gr., tvívégis í 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 18. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- b. 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Héraðsdýralæknar skulu eingöngu sinna opinberum störfum. Að undanskildum verk-efnum varðandi lagareldi skulu héraðsdýralæknar, hver í sínu umdæmi, fara með eftirlit með frumframleiðslu búfjárafurða, velferð dýra og sinna öðru búfjárefirliti, framkvæmd sóttvarnaaðgerða og vinna að bættu heilsufari og velferð dýra. Stofnun atvinnuveganna getur falið héraðsdýralækni að annast verkefni í öðrum umdæmum þegar þörf er á og önnur eftirlitsverkefni sem stofnuninni eru falin.

35. gr.

Breyting á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998.

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 3. mgr., tvívégis í 6. mgr., tvívégis í 7. mgr. og 9. mgr. 3. gr., tvívégis í 6. gr., tvívégis í 1. mgr. og 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- b. Á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna sendingar tilkynninga, gagnavinnslu, aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldldagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldldaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins

dóms eða sáttar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. skulu gjöld fyrir veiðileyfi greidd áður en leyfi er gefið út.

36. gr.

Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. og 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 7. gr., 1., 2., 4. og 6. mgr. 10. gr., 12. gr., 1. mgr. og tvívegis í 2. mgr. 13. gr. og 1., 2., 4. og 6. mgr. 21. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Á eftir 14. gr. laganna kemur ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna leyfa til notkunar tiltekinnar veiðarfæra, gagnavinnslu, aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. skulu gjöld fyrir veiðileyfi greidd áður en leyfi er gefið út.

37. gr.

Breyting á sóttvarnalögum, nr. 19/1997.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr., í fyrirsögn á undan 11. gr. og tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

38. gr.

Breyting á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996.

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 14. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, 18. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna úthlutunar aflamarks og aflahlutdeildar, útgáfu vottorða, sendingar tilkynninga, gagnavinnslu og aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. skulu gjöld fyrir veiðileyfi greidd áður en leyfi er gefið út.

39. gr.

Breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
Orðin „Yfirdýralæknir og“ í 12. tölul. 1. mgr. 22. gr. laganna falla brott.

40. gr.

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996.

- a. Í stað orðanna „Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum“ í 3. másl. 5. mgr. 5. gr., 4. másl. 2. mgr. 6. gr., 4. másl. 2. mgr. 13. gr., 8. másl. 1. mgr. 14. gr. og 3. másl. 16. gr. og orðanna „Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992“ í 4. másl. 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna.
- b. Í stað orðsins „Fiskistofa“ tvívegis í 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 4. gr., þrívegis í 2. mgr., 4. mgr., tvívegis í 1. másl. og 2. másl. 5. mgr. 5. gr., 1. mgr., 1. og 3. másl. 2. mgr. 6. gr., þrívegis í 1. mgr. 8. gr., þrívegis í 4. mgr. 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 11. gr., 2. mgr., tvívegis í 3. mgr. og 5. mgr. 12. gr., tvívegis í 1. mgr., tvívegis í 1. másl., 2. og 3. másl. 2. mgr., tvívegis í 1. másl. og 3. másl. 3. mgr. og 4. mgr. 13. gr., 2. másl., tvívegis í 3. másl., tvívegis í 4. másl., 5. másl., 9. másl. og tvívegis í 10. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr., 1. másl. 16. gr., 1., 3., 4., 6. og 7. mgr. 17. gr., 18. gr., 21. gr. og tvívegis í 22. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.
- c. Á eftir 30. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum og vegna úttekta á vigtunaraðilum, sendingar tilkynninga, eftirlits vegna frávíka, ítrekaðra brota og með löndun erlendis, gagnavinnslu, aðgangi að vefþjónustu, svo og vegna annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

41. gr.

Breyting á búvörulögum, nr. 99/1993.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. mgr. 38. gr., 3. mgr. 58. gr. og 3. mgr. 67. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

42. gr.

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, 25/1993.

- Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 6. gr., 8. gr., 9. gr., 1. og 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 11. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., tvívegis í 1. mgr. og 2. mgr. 15. gr. a, 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 15. gr. b, 1., 2., 3. og 4. mgr. 15. gr. c, þrívegis í 15. gr. d, 1., 2., og 3. mgr. 15. gr. e, 15. gr. f, 1. mgr. 15. gr. g, 1. mgr., fjórum sinnum í 2. mgr., tvívegis í 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og 5. mgr. 15. gr. i, 16. gr., 19. gr., 1. mgr. 20. gr.,

1. og 2. mgr. 23. gr., tvívegis í 24. gr., tvívegis í 1. mgr. 25. gr., 26. gr. og þrívegis í 28. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

43. gr.

Breyting á lögum um vinnslu afla um borð í skipum, nr. 54/1992.

- a. Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 2. mgr. 1. gr., 1. másl. og í fyrsta og annað sinn í 3. másl. 5. gr., tvívegis í 6. gr. og 3. mgr. 7. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Í stað orðanna „Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum“ í 3. másl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna, sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna.

- c. Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, svohljóðandi:

Ráðherra skal, sbr. sbr. lög um Stofnun atvinnuveganna, setja gjaldskrá vegna útgáfu leyfa og framkvæmdar eftirlits samkvæmt lögum þessum, svo og vegna annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraunkostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður.

Stofnun atvinnuveganna annast innheimtu gjalda samkvæmt lögum þessum. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjaldddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjaldddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

44. gr.

Breyting á lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávaraflla, nr. 37/1992.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr. 4. gr., fjórum sinnum í 1. mgr., 2. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 5. gr., 1. og 2. mgr. 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 9. gr., 1. mgr. og þrívegis í 3. mgr. 10. gr. og 12. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

45. gr.

Breyting á lögum um tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, nr. 67/1990.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ tvívegis í 2. tölul. og 5. tölul. 2. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

46. gr.

Breyting á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

- a. Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ tvívegis í 2. mgr., 4. mgr., þrívegis í 5. mgr. og 6. mgr. 2. gr., 1. mgr. 4. gr., tvívegis í 5. gr., fjórum sinnum í 7. gr., tvívegis í 8. gr., 1. mgr., tvívegis í 2. mgr. og 3. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. og tvívegis í 3. mgr. 13. gr., 14. gr., tvívegis í 1. mgr. og 3. mgr. 15. gr., 16. gr., 1., 2. og 3. mgr., tvívegis í 4. mgr. og 5. mgr. 18. gr. a og 1. mgr. 19. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.
- b. Í stað orðsins „yfirdýralæknir“ í 1. mgr. 4. gr. a, 2. másl. 6. gr. og 3. másl. 14. gr. laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

- c. Í stað orðsins „yfirdýralæknis“ í 3. málsl. 1. mgr., 2. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. laganna kemur: Stofnunar atvinnuveganna.
- d. 2. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.
- e. Orðið „(yfirdýralæknir)“ í 1. og 3. málsl. 3. mgr. 13. gr. laganna fellur brott.

47. gr.

Breyting á lögum um rannsóknadeild fisksjúkdóma, nr. 50/1986.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 5. tölul. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 10. gr. og 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

48. gr.

Breyting á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986:

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 2. mgr. 68. gr. og orðsins „Matvælastofnunar“ í 2. mgr. 69. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnun atvinnuveganna.

49. gr.

Breyting á lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981.

Í stað orðsins „Matvælastofnunar“ í 1. mgr., tvívegis í 2. mgr., 3. mgr. og tvívegis í 4. mgr. 3. gr. a laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

50. gr.

Breyting á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974.

Í stað orðsins „Matvælastofnun“ í 1. og 4. mgr. 2. gr. b laganna kemur: Stofnun atvinnuveganna.

51. gr.

Breyting á vatnalögum, nr. 15/1923.

Í stað orðsins „Fiskistofu“ í 1. mgr. 75. gr. og tvívegis í 3. mgr. 144. gr. laganna kemur, í viðeigandi beygingarfalli: Stofnunar atvinnuveganna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Staða forstjóra Matvælastofnunar, fiskistofustjóra, forstöðumanns Verðlagsstofu skiptaverðs og embætti yfirdýralæknis, sem og öll önnur störf hjá Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs eru lögð niður frá og með 1. janúar 2027. Starfsfólk Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, annað en forstjóri Matvælastofnunar, fiskistofustjóri og forstöðumaður Verðlagsstofu skiptaverðs, sem er í starfi við gildistöku laga þessara, sinnir þeim verkefnum sem færast til nýrrar stofnunar samkvæmt lögum og uppfyllir hæfisskilyrði og önnur lögbundin skilyrði til starfsins, skal eiga forgangsrétt til starfa hjá Stofnun atvinnuveganna þegar hún tekur til starfa 1. janúar 2027.

Starfsfólk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sem unnið hefur við eftirlit með matvælum og uppfyllir lögbundin skilyrði til starfsins sem og skilyrði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 70/1996, skal eiga forgangsrétt til starfa hjá nýrri stofnun. Ákvæði þetta á ekki við um starfsfólk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sem eingöngu hefur sinnt eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum eða öðrum störfum hjá heilbrigðisnefndum.

Með forgangsrétti skv. 1. og 2. mgr. er átt við að auglýsingaskylda skv. 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eigi ekki við. Forstjóri Stofnunar atvinnuveganna skal auglýsa stöður meðal starfsmanna sem njóta forgangs skv. 2. mgr. og gefa þeim

kost á að sækja um störf hjá hinni nýju stofnun. Sækist fleiri eftir starfi hjá stofnuninni en sem nemur fjölda stöðugilda sem í boði verða við eftirlit með matvælum skal fara fram mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir starfi og skal sá hæfasti ráðinn. Forstjóra er heimilt að ganga frá ráðningarsamningum fyrir gildistöku laga þessara. Ákvæði þetta gildir aðeins um þá starfsmenn heilbrigðisnefnda sem falla undir 2. mgr. og eru við störf þegar lögin voru birt. Forgangsréttur til starfa skv. 2. mgr. fellur brott þremur mánuðum frá gildistöku laganna.

Starfsfólk Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs sem ráðið verður til starfa hjá nýrri stofnun heldur réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningum þar sem miðað er við samfellt starf hjá sömu stofnun.

Um rétt starfsfólks til starfa hjá nýrri stofnun fer eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Ákvæði um auglýsingaskyldu skv. 7. gr. þeirra laga gilda ekki við ráðstöfun starfa samkvæmt þessu ákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er Fiskistofu og Matvælastofnun heimilt að samkeyra gagnagrunna eftir samþykkt laga þessara.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvegaráðuneytinu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins kemur fram að eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar verði að hagræða, einfalda stjórnsýslu og sameina stofnanir. Vorið 2025 óskað atvinnuvegaráðherra eftir því að unnin yrði fýsileikagreining á mögulegri sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs í eina stofnun. Matvælastofnun og Fiskistofa sinna báðar opinberu eftirliti, Matvælastofnun annast eftirlit á sviði landbúnaðar, dýravelferðar og matvælaframleiðslu og Fiskistofa annast eftirlit varðandi afla og löndun auk afmarkaðs hlutverks við stjórn fiskveiða. Við gerð fýsileikagreiningar var einnig litið til hlutverks Verðlagsstofu skiptaverðs og matvælaeftirlits heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Umfangsmikil greiningarvinna átti sér stað þar sem m.a. var rýnt í ferla, fjármál, mannauð og tækifæri til umbóta. Vinnan byggðist m.a. á viðtölum og greiningum á starfsemi stofnanna. Það var niðurstaða fýsileikagreiningar að fjölmörg tækifæri væru til samþættingar og samstarfs í verkefnum þessara stofnana. Viðfangsefni Matvælastofnunar og Fiskistofu eru að mörgu leyti svipuð og starfsstöðvar reknar á svipuðum stöðum á landinu. Tækifæri eru því til að efla stjórnsýsluna og styrkja faglegar stöðir eftirlitsins. Helsti ábati þess að sameina stofnanirnar er heildstæð nálgun við eftirlit á sviði matvæla og fiskveiða, en með sameinaðri stofnun verður unnt að samræma verklag og ferla, einkum varðandi leyfisveitingar og eftirlit. Það eykur gagnsæi, dregur úr skrifræði og bætir þjónustu. Stærri stofnun getur boðið upp á öflugt þekkingarsamfélag með sérhæfðum teyimum og markvissari og faglegru þróun starfsmanna. Aukin tækifæri skapast í að efla sérfræðiþekkingu starfsfólks um allt land með öflugum starfsstöðvum.

Lagt er til að Verðlagsstofa skiptaverðs verði lögð niður og verkefni hennar verði hluti af nýrri stofnun og unnin innan sérstakrar einingar þar sem fylgst verði með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna.

Um árabíl hefur eftirlit með matvælum verið til skoðunar en Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur frá árinu 2010 ítrekað gert athugasemdir við annmarka á skipulagi eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla. Í júlí 2024 sendi ESA íslenskum stjórnvöldum formlegt áminningarbréf þar sem farið var fram á að opinbert eftirlit á sviði

matvæla, fôðurs og dýraheilbrigðis færi fram á skilvirkan hátt og í samræmi við EES- reglur. Er með frumvarpi þessu m.a. ætlunin að bregðast við athugasemdum ESA og tryggja að opinbert eftirlit sé í samræmi við EES-samninginn. Meginmarkmið með opinberu eftirliti er að tryggja að ákvæðum laga og reglugerða sé framfylgt í eftirlitsskyldri starfsemi. Hlutverk opinbers eftirlits þarf að vera skýrt með áherslu á að samræma með reglubundnu eftirliti að kröfur laga og reglugerða séu uppfylltar.

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á ákvæðum laga um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis og hefðbundinnar sérstöðu, nr. 130/2014. Tilgangur laganna er að vernda afurðarheiti sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu með það að markmiði að stuðla að neytendavernd, auka virði afurða og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti. Lögin gilda um heiti matvæla, léttvins og brenndra drykkja og annarra afurða sem ákveðin eru samkvæmt reglugerð um skráningu afurðarheita, nr. 596/2016, en það er ull, fjaðrir, skinn, fiskroð, leður, horn og bein, bómull, korkur, hampur, tágar, náttúrulegt gúmmí og kvoður, náttúrulegt litarefni, blóm og skrautplöntur, ilmolíur, tóbak, hey og mjölblöndur ætlaðar til dýrafóðurs. Lög , nr. 130/2014 öðludust gildi 31. desember 2014 og eru nú skráð vernduð íslensk afurðarheiti þrjú, þ.e. íslenskt lambakjöt, íslenskt lopapeysa og íslenskt gin.

Umsjón með skráningu afurðarheita hefur frá gildistöku laganna verið í höndum Matvælastofnunar og hefur stofnunin frá þeim tíma tekið við umsóknum um skráningu afurðarheita, leitað umsagna, birt afurðarheiti og afurðarlýsingu og tekið við andmælum, áður en stofnunin hefur tekið ákvörðun um skráningu afurðarheitis skv. III. kafla laganna. Til skoðunar hefur verið hvort umsýslu með skráningu afurðarheita væri betur fyrir komið hjá annari stofnun en Matvælastofnun, m.a. þar sem á grundvelli laga nr. 130/2014 er unnt að fá skráð afurðarheiti fyrir fleiri afurðir en aðeins matvæli. Matvælastofnun fer með stjórnýslu matvælamála og stuðlar að neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla sem lagt er til að ný stofnun taki við samkvæmt frumvarpi þessu. Þar sem afurðarheiti eru ekki aðeins bundin við matvæli eða landbúnaðarafurðir hefur reglulega komið upp umræða um það hvort annar aðili innan stjórnýslunnar sé betur til þess fallinn að taka við umsóknum um skráningu afurðarheita. Við mat á því hvar skráningu afurðarheita væri best komið fyrir var m.a. litið til þess að um væri að ræða stjórnvald sem tæki stjórnvaldsákvörðun um að skrá afurðarheiti. Stjórnvaldið yrði að hafa burði til að meta umsókn og að í afurðarlýsingu væri sýnt fram á að tengsl væru á milli afurðar og uppruna eða svæðis eða að afurð væri framleidd samkvæmt hefð. Stjórnvaldið yrði einnig að hafa burði til að leiðbeina umsækjendum og birta ákvarðanir sínar um skráningu. Þá var tekið tillit til þess að umsóknirnar eru ólíkar og ekki reynir á sömu þætti í hverri umsókn, t.d. þegar annars vegar er um að ræða matvæli og hins vegar aðrar vörur eins og lopa eða dún. Skv. 13. gr. laga nr. 130/2014 skal í umsagnarferlinu leita umsagnar frá Hugverkastofunni vegna m.a. tengsla afurðarheitis við vörumerki. Skráð afurðarheiti eru hugverkaréttindi og býr Hugverkastofan yfir þekkingu og getu til að taka við umsóknum um skráningu afurðarheita eins og umsóknum um skráningu annarra hugverkaréttinda, svo sem vörumerkja, einkaleyfa o.fl. Er því í frumvarpi þessu lagt til að umsýsla með skráningu afurðarheita verði færð til Hugverkastofunnar en ný stofnun muni sinna eftirliti með notkun skráðra afurðarheita líkt og Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa gert samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

Í frumvarpi því sem hér er lagt fram er því lagt til að ný stofnun taki við starfsemi Matvælastofnunar, Fiskistofu, Verðlagsstofu skiptaverðs og að matvælaeftirlit færist frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til nýju stofnunarinnar. Með nýrri öflugri stofnun verður þjónusta við atvinnulíf einfaldari og skilvirkari, með færri samskiptaleiðum og skýrari ferlum.

Samhliða því er lagt til að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði lagðar niður.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Sameining stofnana.

Ákvörðun atvinnuvegaráðherra um sameiningu Fiskistofu, Matvælastofnunar og Verðlagsstofu skiptaverðs var tekin í kjölfar fýsileikagreiningar sem unnin var að beiðni atvinnuvegaráðherra. Meðal annars var rýnt í ferla, fjármál, mannauð og tækifæri til umbóta. Niðurstöður staðfestu að tækifæri eru til að efla stjórnsýsluna og styrkja faglegar stoðir eftirlitsins. Gert er ráð fyrir að sameinuð stofnun verði sterk stjórnsýslu- og eftirlitsstofnun sem standi fyrir öflugum fagstarfi, virkri þátttöku í rannsóknum og þróun í starfi. Viðfangsefni Matvælastofnunar og Fiskistofu eru að mörgu leyti svipuð og tækifæri til samþættingar eru mörg. Stefnt er að því að efla starfsemi á landsbyggðinni og gert ráð fyrir öflugum starfsstöðum víða um land. Leitast verður við að byggja upp sterkar faglegar starfsstöðvar sem veita þjónustu í heimabyggð þannig að sérfræðiþekking og ákvarðanatataka haldist í nærumhverfinu. Þá er einnig lögð áhersla á úrbætur í upplýsingatækni. Hluti af verkefninu felur í sér að efla upplýsingatækni með því að einfalda vinnu starfsfólks, fækka handvirkum skráningum, samræma kröfur og ferla og gera samskipti við viðskiptavinum markvissari, m.a. með aukinni stafrænni þjónustu.

Við sameiningu stofnana er lögð höfuðáhersla á að samræma vinnubrögð þannig að unnið sé eftir sömu verkferlum og viðmiðum óháð staðsetningu. Þetta bætir þjónustu þeirra sem hennar njóta og stuðlar að skýrari vinnubrögðum. Stefnt er að vinnustað þar sem gagnsæi ríki og ferlar verði staðlaðir.

2.2. Flutningur matvælaeftirlits frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Haustið 2025 kynnti atvinnuvegaráðherra ásamt umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra áform um einföldun regluverks þar sem gert er ráð fyrir að færa eftirlit með matvælaframleiðslu, hollustuháttum og mengunarvörnum til viðeigandi ríkisstofnana. Í kjölfar fýsileikagreiningar um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs var ákveðið að flutningur matvælaeftirlits frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga yrði hluti af frumvarpi atvinnuvegaráðherra um nýja stofnun.

Matvælaeftirlit hefur verið til skoðunar í allmörg ár. Komið hafa fram fjölmargar ábendingar um að núverandi fyrirkomulag við eftirlit með matvælum sé gallað. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur frá árinu 2010 ítrekað gert athugasemdir við annmarka á skipulagi opinbers eftirlits hér á landi hvað varðar samræmingu milli eftirlitsaðila á sviði matvæla. Athugasemdirnar snúa m.a. að því að Ísland hafi ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt EES-reglum um opinbert eftirlit með matvælum með því að tryggja ekki skilvirka samræmingu á milli þeirra aðila sem sjá um opinbert eftirlit á Íslandi. Miðlægar stofnanir hafa nú yfirumsjónarhlutverk en skortir úrræði til að koma á samræmdu eftirlitskerfi. Í júlí 2024 sendi ESA íslenskum stjórnvöldum formlegt áminningarbréf þar sem farið var fram á að opinbert eftirlit á sviði matvæla, fódurs og dýraheilbrigðis færi fram á skilvirkan hátt og í samræmi við EES-reglur.

Árið 2020 vann KPMG skýrslu að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í samstarfi við umhverfis- og auðlindaráðherra sem fjallar bæði um matvælaeftirlit og eftirlit með hollustuháttum. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru m.a. að eftirlitið væri í höndum 12 stjórnvalda og að ekki hefði tekist að samræma framkvæmd eftirlitsins að öllu leyti. Þá væri verklag við skjaltastjórnun og upplýsingasöfnun ekki að fullu samræmt og alls fimm tegundir

gagnagrunna notaðar við framkvæmd eftirlits. Taldi KPMG nauðsynlegt að bregðast við skorti á stöðluðu verklagi og skráningu til að tryggja að framkvæmd eftirlits uppfyllti ákvæði gildandi laga og til að hægt væri að meta skilvirkni með fullnægjandi hætti.

Í október 2022 skipaði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, að undangengnu samráði við matvælaráðherra, starfshóp sem hafði það hlutverk að leggja til nýtt fyrirkomulag að eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Starfshópurinn skilaði skýrslu 17. október 2023 þar sem fram kemur að ósamræmi í eftirliti sé mikið, stjórnsýsla flókin og að yfirsýn skorti. Starfshópurinn setti fram tillögur að sviðsmyndum, en megintillaga hópsins var að allt opinbert eftirlit á grundvelli laga um matvæli og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, auk tengdrar löggjafar, yrði á hendi ríkisins þannig að eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum yrði fært til Umhverfis- og orkustofnunar og eftirlit með matvælum yrði fært til Matvælastofnunar. Lagði starfshópurinn áherslu á að lagabreytingar um tilfærslu eftirlitsverkefna nægðu ekki einar og sér til að tryggja samræmi í eftirliti um allt land heldur þyrfti að vinna verkáætlun með aðkomu beggja ráðuneyta og var lögð áhersla á að tryggja yrði fjármagn til að þróa upplýsingakerfi sem uppfylltu nútímakröfur.

Í maí 2024 skipuðu umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og matvælaráðherra stýrihóp sem var falið að rýna tillögur og sviðsmyndir starfshóps um breytt fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli, sem skilaði skýrslu til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í ágúst 2023. Hópnum var jafnframt falið að leggja drög að innleiðingu á miðlægu umsýslukerfi sem tryggja ætti samræmda framkvæmd frá móttöku umsóknar til framkvæmdar eftirlits. Stýrihópurinn skilaði skýrslu í júní 2025, *Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum*. Helstu niðurstöður starfshópsins voru að þrátt fyrir góðan vilja og fagmennsku þeirra sem sinna eftirliti samkvæmt núverandi kerfi ylli óskýr verkaskipting því að áreiðanleiki og samfella í framkvæmd væri ekki tryggð. Telur stýrihópurinn tvær sviðsmyndir bjóða upp á raunhæfar leiðir til að skýra ábyrgð, draga úr ósamræmi og efla samhæfingu í framkvæmd opinbers eftirlits. Önnur sviðsmyndin felur í sér að allt eftirlit færist alfarið til ríkisstofnana. Hin sviðsmyndin felur í sér að framkvæmd eftirlits verði á svæðisbundnum grunni en stofnanir ríkisins fái skýrt yfirstjórnarhlutverk og aukið boðvald. Telur stýrihópurinn að sú sviðsmynd sé bæði flóknari í útfærslu og framkvæmd en sviðsmyndin þar sem allt eftirlit er fært til ríkisstofnana.

Í skýrslu sinni leggur stýrihópurinn áherslu á, óháð því hvaða sviðsmynd verði valin, að ráðist verði í uppbyggingu sameiginlegs upplýsingakerfis sem haldi utan um starfsleyfi, eftirlitsferla, skilyrði og afgreiðslu erinda. Kerfið þurfi að tryggja gagnsæi, aðgengi og stöðlun og möguleika á sjálfsafgreiðslu.

Í tengslum við vinnu stýrihópsins vann Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, lögfræðilega álitserð um stjórnsýslusamband milli stjórnvalda ríkisins og sveitarfélaga með tilliti til samræmingar heilbrigðiseftirlits.

Í júlí 2024 sendi ESA atvinnuvegaráðuneytinu formlegt áminningarbréf þar sem bent var á að fyrirkomulag matvælaeftirlits á Íslandi stæðist ekki kröfur EES-samningsins. Helstu athugasemdirnar varða skort á samræmi, skýrri ábyrgð og yfirstjórn eftirlits.

Í maí 2025 vann KPMG þarfa- og kröfulýsingu fyrir sameinaða innviði fyrir atvinnuvegaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. Þarfa- og kröfulýsingin lýsir núverandi fyrirkomulagi eftirlits, þörfum og áskorunum ásamt tillögu að framtíðarfyrirkomulagi stafrænna sameinaðra innviða eftirlits með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum.

Áhersla er á straumlínulagaða þjónustu og að kerfishögun mæti kröfum um betri heildaryfirsýn gagna og rekjanleika í eftirliti, hlítu við lög og reglugerðir, samræmda áhættustjórnun og öryggi og að reglubundið eftirlit sé í samræmi við áhættu.

Í ljósi alls framangreinds tóku umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra sameiginlega ákvörðun um að leggja til að allt eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalaga yrði fært til Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mun leggja fram frumvarp á vorþingi þar sem eftirlit á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir færast frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfis- og orkustofnunar.

Er frumvarpi þessu ætlað að bregðast við ábendingum í framangreindum skýrslum sem og áminningu ESA. Það verður lagt fram í þeim tilgangi að tryggja skilvirkt eftirlit á málefna sviðinu og einfalda stjórnsýslu gagnvart þjónustuþegum.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér að sett verði á fót stofnun sem sameini Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs í eina stofnun. Stofnuninni er m.a. ætla að sinna verkefnum á sviði sjávarútvegsmála, lagareldis, lax- og silungsveiði, fiskræktar, matvælamála, dýravelferðar og heilbrigði dýra og plantna. Hlutverk og verkefni nýrrar stofnunar verða að mestu leyti hin sömu og Fiskistofu, Matvælastofnun og Verðlagsstofu skiptaverðs eru falin samkvæmt gildandi lögum.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að matvælaeftirlit verði fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til nýrrar stofnunar. Markmið með þeirri breytingu er að tryggja að opinbert eftirlit með matvælum sé árangursríkt, skilvirkt, óhlutdrægt og uppfylli kröfur um gæði og samræmi í framkvæmd og sé í samræmi við skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að umsýsla með skráningu afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis og hefðbundinnar sérstöðu samkvæmt lögum nr. 130/2014 verði færð frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar. Eftirlit með notkun skráðra afurðarheita verður áfram hluti af eftirlitshlutverki nýrrar stofnunar.

Verði frumvarpið að lögum verður komið á fót nýrri öflugri stjórnsýslu og eftirlitsstofnun. Stjórnsýsla verður einfölduð, öflugar starfsstöðvar um land allt koma til með auka skilvirkni fyrir eftirlitsþega, eftirlitsaðila og almenning.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins var talið gefa tilefni til að meta hvort efni þess samrýmdist 78. gr. stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum íslenska ríkisins. Frumvarpið er talið samræmast stjórnarskrá. Hvað varðar alþjóðlegar skuldbindingar er það m.a. markmið frumvarpsins að tryggja samræmt og fullnægjandi eftirlit með matvælastarfsemi í ljósi áminningarbréfs Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Með frumvarpinu er lagt til að tiltekin verkefni sem hafa verið á höndum sveitarfélaga verði færð til ríkisins. Skv. 78. gr. stjórnarskrárinnar skulu sveitarfélög sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Það er samkvæmt orðalagi ákvæðisins í höndum löggjafans að ákveða hvaða verkefni sveitarfélög fara með. Sjálfstjórn sveitarfélaga felur þannig ekki í sér rétt til þess að sinna ákveðnum verkefnum. Er löggjafanum því frjálst að færa verkefni frá sveitarfélögum til ráðherra eða stofnana hans án þess að það hafi áhrif á stjórnarskrárbundna sjálfstjórn sveitarfélaga. Skal tekið fram að það var m.a. vegna sjónarmiða um sjálfstjórn sveitarfélaga sem ákveðið var að fara þá leið að færa matvælaeftirlit undir nýja Stofnun atvinnuveganna. Til þess að ná því markmiði sem að er stefnt með frumvarpi þessu, þ.e. að

tryggja samræmt og fullnægjandi eftirlit með matvælastarfsemi, hefði að öðrum kosti þurft að veita ráðherra og stofnun hans stórukið boðvald yfir sveitarfélögunum. Með lögum er því hægt að færa verkefni frá sveitarfélögum til ríkisins.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur í formlegu áminningarbréfi bent á að fyrirkomulag matvælaeftirlits á Íslandi standist ekki kröfur EES-samningsins og er frumvarpinu m.a. ætlað að bregðast við þeim ábendingum.

5. Samráð.

Fyrirhugaðar breytingar hafa áhrif á starfsfólk stofnananna og þá aðila sem fylgja verkefnum tengdum eftirliti með matvælum frá heilbrigðiseftirlitssvæðum. Breytingarnar hafa einnig áhrif á ráðuneyti, sveitarfélög, viðskiptavinum og neytendum. Tilfærsla verkefna heilbrigðiseftirlitssvæða á sér töluvert langan aðdraganda, en stýrihópur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagráðuneytis og atvinnuvegaráðuneytis lauk störfum í júní 2025 þar sem lagt var til að færa verkefni heilbrigðiseftirlits til stofnana ríkisins, sbr. umfjöllun í kafla 2.2. Í þeim hópi sat einnig fulltrúi frá innviðaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og Samtökum atvinnulífsins. Auk þess voru áheyrnarfulltrúar frá Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun ásamt því sem haft var samráð við sveitarfélög, heilbrigðiseftirlitssvæði og atvinnulíf. Skýrslan var kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 6. febrúar 2025 (mál nr. S-21/2025). Ekki var einhugur í stýrihópnum um niðurstöðu en töluverð greiningarvinna fór fram. Jafnframt var stuðst við sex aðrar skýrslur sem komið hafa út sem allar benda á ósamræmi í eftirliti ásamt tillögum að umbótum með það að markmiði að ná fram aukinni samræmingu í eftirliti. Þessar skýrslur eru m.a.:

1. Úttekt Ríkisendurskoðunar á Matvælastofnun (2013) og skýrsla atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um Matvælastofnun (2017).
2. Greining KPMG á opinberu eftirliti (2020).
3. Skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum (2023).

Möguleg sameining Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs hefur verið til umræðu í þó nokkurn tíma þar sem um tvær eftirlitsstofnanir á sviði matvæla er að ræða auk Verðlagsstofu skiptaverðs sem hefur það hlutverk að fylgjast með fiskverði og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna, en sú stofnun hefur starfað innan veggja Fiskistofu. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins er eitt af forgangsverkefnum að sameina stofnanir. Því var gerð fýsileikagreining á samlegð þessara stofnana og var hún byggð á viðtölum við fulltrúa stofnananna, vinnustofu með fulltrúum stofnana og ráðuneytis, greiningu á fyrirliggjandi gögnum og tengdum greiningum. Niðurstaðan var að mikil samlegð er á milli þessara stofnana í nær allri starfseminni og eru starfsstöðvar á svipuðum stöðum á landinu. Það sama má segja um heilbrigðiseftirlitið og þau verkefni sem tengjast eftirliti með matvælum. Að auki var horft til skýrslu Ríkisendurskoðunar um Matvælastofnun – eftirlit með velferð búfjár frá árinu 2023 og skýrslu Ríkisendurskoðunar um eftirlit Fiskistofu frá 2018.

Áform um lagasetningu voru í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is tímabilið 17. nóvember til 1. desember 2025 og bárust alls 15 umsagnir (mál nr. S-229/2025). Farið var ítarlega yfir umsagnirnar. Drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs var í samráði í samráðsgátt stjórnvalda tímabilið 5.–20. febrúar 2026 og bárust alls 75 umsagnir (mál nr. S-31/2026).

Félag heilbrigðisfulltrúa auk 11 umsagnaraðila frá heilbrigðiseftirlitsumdæmum og heilbrigðisnefndum lýsa yfir sambærilegum áhyggjum, þ.e. að tekjuskapandi verkefni færast

frá sveitarfélögum til ríkis en verkefni sem skili ekki tekjum verða skilin eftir. Verkefni heilbrigðiseftirlits felast í tveimur eftirlitsheimsóknum í stað einnar og var lýst yfir áhyggjum af stuttum tímaramma fyrir jafn umfangsmiklar breytingar, sem skapar hættu á þjónusturofi. Fjöldi starfa við matvælaeftirlit er áætlaður 15–20 stöðugildi og segir Félag heilbrigðisfulltrúa það vanmetna tölu. Jafnframt er bent á að ESA hafi ekki gert þær kröfur að færa eftirlit með matvælum alfarið til ríkisins heldur einungis lagt áherslu á aukið samræmi. Frá sveitarfélögum og landshlutasamtökum bárust 15 umsagnir. Þau taka flest undir með heilbrigðiseftirlitssvæðum og heilbrigðisnefndum og lýsa yfir áhyggjum af kostnaði sveitarfélaga og öðrum verkefnum sveitarfélaga sem þarf að finna stað. Þau hafa jafnframt áhyggjur af því að með breytingunni glatist staðbundin þekking með neikvæðum afleiðingum fyrir íbúa og rekstrar- aðila. Mörg hver eru þó fylgjandi auknu samræmi, einföldun og skilvirkni í opinberu eftirliti.

Við gerð frumvarpsins var horft til greiningarvinnu sem unnin var af stýrihóp um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum þar sem kemur fram að sveitarfélög greiða á bilinu 23–54% af kostnaði við heilbrigðiseftirlit, en umfang annarra verkefna sveitarfélaga er áætlað um 20–30% af heildarumfangi. Fjöldi stöðugilda er áætlaður samkvæmt sömu greiningarvinnu stýrihóps. Verið er að skoða mögulegar heimildir Umhverfis- og orkustofnunar og Stofnunar atvinnuveganna, verði frumvarpið samþykkt, til að samnýta eftirlitsheimsóknir, en með nýrri stofnun yrði jafnframt sameinað eftirlit undir einum hatti, sem er nú hjá Matvælastofnun, Fiskistofu auk eftirlits heilbrigðiseftirlitssvæða með matvælum. Hafinn er undirbúningur að þessum breytingum og er áætlað að ný stofnun taki gildi 1. janúar 2027 og verði í stakk búin til að takast á við þau verkefni sem henni verða falin. Stofnunin mun hafa öflugar starfsstöðvar um land allt og reynt verður eftir fremsta megni að halda í þá staðbundnu þekkingu sem fyrir er. Varðandi áminningu ESA er talið fullreynt að ná fram samræmi í núverandi kerfi. Lagabreytingu þarf til að auka samræmi og ef horft er til fyrirliggjandi gagna er það metið svo að best megi ná fram samræmingu samkvæmt ábendingum ESA með tilfærslu eftirlits með matvælum til miðlægrar einingar ríkisins.

Þá skiluðu 22 heilbrigðisfulltrúar umsögn þar sem helstu álitæfni eru óskýrleiki varðandi starfsmannamál. Óttast þeir þjónusturof vegna knapps tímaramma en taka undir að þörf sé á umbótum og betri samræmingu en telja raunhæfari kost að styrkja yfirumsjónarhlutverk stofnananna, efla samráð og samræma skráningar- og eftirlitskerfi. Lýsa þeir einnig yfir áhyggjum að starfsréttindi heilbrigðisfulltrúa verði lögð niður.

Dýralæknar lýsa yfir andstöðu við að embætti yfirdýralæknis verði lagt niður, en átta umsagnir bárust þess efnis. Rökin eru að slík breyting rýri verulega faglegt sjálfstæði yfirdýralæknis og skerði bæði ákvörðunarrétt hans og faglega stöðu innan stjórnarsýslunnar. Dýralæknar benda einnig á frumvarp til sóttvarnalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi þar sem lagt er til að sóttvarnalæknir verði skipaður af ráðherra. Lagðar eru til aðrar leiðir sem snúast um að yfirdýralæknir haldi sjálfstæði sínu. Í umsögnum dýralækna eru jákvæð viðbrögð við tilfærslu verkefna heilbrigðiseftirlitsnefnda til Stofnunar atvinnuveganna. Gerðar hafa verið breytingar á ákvæði 3. gr. varðandi yfirdýralækni þess efnis að kveða á um faglegt sjálfstæði hans og nánar um hlutverk yfirdýralæknis.

Dýraverndarsamband Íslands lýsir yfir áhyggjum af málaflokknum um velferð dýra. Nauðsynlegt sé að efla eftirlit með velferð dýra en að málaflokkurinn eigi betur heima hjá sérstofnun eða undir umhverfis-, orku- og loftslagráðuneyti þar sem hann heyrir betur undir vernd náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni.

Samtök ferðaþjónustunnar, Landsamband smábátæigenda, Viðskiptaráð Íslands og Samtök verslunar og þjónustu eru jákvæð í garð fyrirhugaðra breytinga. Í umsögnum þeirra segir m.a. að viðfangsefni stofnananna séu um margt edlislík og tækifæri til samþættingar

mörg. Telja þau löngu tímabært að ráðast í róttækar breytingar á fyrirkomulagi matvælaeftirlits hér á landi. Nær öll stig eftirlitsins geti verið breytileg milli umdæma, upplýsingagiöf ólík o.fl. Styðja þau þá vegferð að fela ríkisstofnun matvælaeftirlit í stað þess að það sé á hendi margra aðila og að ef ekki sé hægt að bregðast við athugasemdum ESA skjótt verði þjóðhagslegum hagsmunum stefnt í hættu. Með breytingunni verði minni hætta á svokölluðu kunningjaeftirliti sem gjarnt er að myndist við mikla nálægð. Telja þau frumvarpið mikilvægt skref í rétta átt til einföldunar og aukinnar skilvirkni í stjórnsýslu gagnvart atvinnulífinu. Að auki vekja þau athygli á að tækifæri séu til að útvista eftirliti til faggiltra skoðunaraðila.

Samtök atvinnulífsins, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna, Félag vélstjóra og málmteknimanna, Félag atvinnurekenda, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda eru almennt jákvæð fyrir því að efla skilvirkni, hagræði og nýtingu opinbers fjár. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi koma því á framfæri að Verðlagsstofa skiptaverðs hafi afar sérhæft og afmarkað hlutverk og tilurð hennar megi rekja til kjarasamninga sjómanna. Breytingar á stöðu og hlutverki Verðlagsstofu skiptaverðs geti haft bein og veruleg áhrif á gildandi kjarasamninga sjómanna. Ný stofnun muni hafa auknar heimildir til að afla upplýsinga um fiskverð og afurðaverð úr tollaupplýsingum frá Skattinum og telja samtökin það nauðsynlegt svo að stofnunin geti borið saman upplýsingarnar sem útgerðir skila til stofnunarinnar og raunverð sem samið er um í útflutningi á fiski og afurðum og kemur fram í tollskýrslum. Sjómannasamband Íslands, Félag skipstjórnarmanna og Félag vélstjóra og málmteknimanna taka undir mikilvægi þess að Verðlagsstofa skiptaverðs haldi sjálfstæði sínu eins og kostur er og að farið sé skýrum orðum um hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs í kjarasamningi sjómanna. Félag atvinnurekenda, Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda gera einnig athugasemd við breytingu á Verðlagsstofu skiptaverðs. Hvalur hf. vill halda í samstarfsráð sem hefur verið starfrækt hjá Matvælastofnun, en það er fellt niður með frumvarpinu. Telur Hvalur að auka eigi slíkt samráð til framtíðar.

Þrátt fyrir athugasemdir varðandi Verðlagsstofu skiptaverðs og tengingu við kjarasamning sjómanna er talið að frumvarpið eins og það er lagt fram sé fullnægjandi hvað varðar afmörkun verkefna er varðar lög um Verðlagsstofu skiptaverðs. Er í fyrsta lagi til þess að líta að lög um verkefni sem að þessu líta halda efnislega gildi sínu óbreytt og að framkvæmd þeirra laga verður falin sérstakri einingu innan stofnunarinnar þar sem gætt verður að aðskilnaði milli þeirra verkefna og annarra verkefna stofnunarinnar.

Félag íslenskra náttúrufræðinga og Sameyki lýsa yfir áhyggjum af bráðabirgðaákvæðum varðandi réttarstöðu starfsmanna. Óljós vilyrði séu um forgang í störf hjá nýrri stofnun við flutning verkefna milli stjórnsýslustiga og áunnin réttindi opinbers starfsfólks sveitarfélaga verði mögulega ekki virt. Einnig er bent á að ekki sé gert ráð fyrir tilfærslu orlofs frá ríkisstofnunum til nýrrar stofnunar. Lögd er áhersla á að stofnanasamningur verði undirbúinn sem fyrst og taki gildi eigi síðar en við tímamark sameiningar. Jafnframt bendir Félag íslenskra náttúrufræðinga á að starfskjör heilbrigðisfulltrúa séu ekki sambærileg starfskjörum ríkisstofnananna þriggja, en hærri laun séu á sveitarstjórnarstiginu. Sameyki leggur áherslu á að starfsfólk flytjist til nýrrar stofnunar ásamt áunnum réttindum, en ekki sé nægjanlegt að veita forgang í störf.

Verndarsjóður villtra laxastofna (NASF) styður markmið um skilvirka og samræmda stjórnsýslu en leggur áherslu á að allar kerfisbreytingar sem snerta eftirlit með sjókvældi og öðru sem getur haft áhrif á villta laxastofna og náttúru verði að leiða til raunverulegrar styrkingar eftirlits. Málaflokkur um lax- og silungsveiði megi ekki veikjast hjá nýrri stofnun. Landsvirkjun styður breytingar sem stuðla að einföldun og aukinni skilvirkni stjórnsýslu-

kerfisins og telur jákvætt að starfsstöðvar nýrrar stofnunar verði staðsettar um land allt. Landsvirkjun leggur auk þess áherslu á að biðtími eftir bindandi umsögnum sem snerta byggingu nýrra virkjana og stækkanir á eldri lengist ekki og að tekið verði til skoðunar að leyfi vegna virkjunarframkvæmda sem falla undir orkunýtingarflokk rammaáætlunar fái forgang við afgreiðslu. Er hér um að ræða breytingu sem Landsvirkjun hefur lagt umtalsverða áherslu á og í takt við sambærilega þróun annars staðar í Evrópu með það að markmiði að auka uppbyggingu endurnýjanlegrar orku. Samorka er einnig fylgjandi breytingunum og hlynnt því að stjórnsýsla, leyfisveitingar og eftirlit sé sem mest á einni hendi. Þó sé nauðsynlegt að draga fram að flutningur á verkefnum heilbrigðiseftirlits muni leiða til þess að eftirlit í tilviki vatnsveitna og neysluvatns sem nú er á einni hendi muni flytjast til fleiri aðila.

Tekið er undir að mikilvægt sé að halda í mannauð og þekkingu um land allt. Staðbundin þekking og nálægð við atvinnulíf er mikilvæg þegar kemur að eftirliti sem Stofnun atvinnuveganna mun fara með. Undirbúningsvinna við tilfærslu verkefna er þegar hafin. Horft er til þess að verkefni sem tengjast starfsfólki verði í forgangi. Á það bæði við um starfsfólk ríkisstofnananna og tilfærslu starfsfólks frá heilbrigðisnefndum. Jafnframt verði stofnunin tilbúin að sinna þeim verkefnum sem henni verða falin við gildistöku laganna, nái frumvarpið fram að ganga.

Í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, var óskað eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um mat á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga. Í umsögn Sambandsins er tekið fram að bæði sé horft til þessa frumvarps og frumvarps umhverfis-, orku- og loftslagráðherra um flutning hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlits til Umhverfis- og orkustofnunar. Athugasemdir Sambandsins lúta einkum að frumvarpi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þar sem lagt er til að heilbrigðisnefndir verði lagðar niður. Í umsögninni kemur fram að endanleg útfærsla þeirra breytinga liggja ekki enn fyrir og því sé óvissa um hvað verði um önnur verkefni sem sveitarfélög hafa falið heilbrigðiseftirliti. Vegna þess telji sambandið ekki unnt að fullyrða um áhrif fyrirliggjandi frumvarpa, þ.m.t. að fjárhagsáhrif þeirra séu takmörkuð eða jákvæð. Sambandið bendir á að verði heilbrigðisnefndir lagðar af hafi sveitarfélög ekki aðgang að sérfræðiþekkingu sem liggja hjá starfsfólki þeirra og því geti orðið vandasamt og kostnaðarsamt að fá aðgengi að nauðsynlegri sérfræðiþekkingu til að sinna þeim verkefnum sem verði eftir hjá sveitarfélögum. Af umsögninni verður ráðið að sambandið telji fjárhagsáhrifin geta orðið neikvæð vegna þess en sem fyrr segir verður ekki séð að þær athugasemdir varði beint efni þess frumvarps sem hér um ræðir.

Þá var einnig haft samráð við Skattinn um ný ákvæði um heimildir Stofnunar atvinnuveganna til upplýsinga úr tollskrá.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Almannahagsmunir og helstu hagsmunaaðilar.

Talið er að breytingin muni hafa jákvæð áhrif hvað varðar aukin gæði, skilvirkari þjónustu og slagkraft til að standa að öflugum þróunarverkefnum á þeim sviðum sem stofnunin mun starfa. Mikið ákall hefur verið frá atvinnulífinu um aukna skilvirkni, meira gagnsæi og minni áhrif íþyngjandi regluverks. Til verður burðugri stofnun með öflugar starfsstöðvar um allt land og allt sem þarf til að efla og bæta umgjörð um eftirlit með þeim mikilvægu atvinnugreinum sem um ræðir. Breytingin er jafnframt viðbragð við formlegu áminningarbréfi ESA og er ætlað að tryggja að opinbert eftirlit á sviði matvæla, fódurs og dýraheilbrigðis fari fram á skilvirkan hátt og í samræmi við EES-reglur.

6.2 Áhrif á stjórnýslu ríkis og sveitarfélaga.

Samfélagslegur ávinningur sameiningar er metinn mikill og felst í öflugri starfsstöðvum um land allt. Starfsstöðvar eru víða en þær eru litlar og lítil tækifæri til starfsþróunar og fjölbreytileika í starfi. Með sameiningu stofnananna og viðbótarverkefnum frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga skapast grunnur fyrir stærri og öflugri einingar víða um land. Starfsstöðvar verða með fjölbreyttari verkefni, fleiri stöðugildi og þar með skapast einnig tækifæri til að fjölga störfum sem eru auglýst óháð staðsetningu. Slík þróun er stórt hagsmunamál hvað varðar byggðapróun og ekki síður jafnréttismál og skapar þar með mikinn samfélagslegan ávinning.

Frumvarpið mun hafa áhrif á sveitarfélög þar sem lagt er til að eftirlit með matvælum flytjist frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna. Með þeirri breytingu verður allt matvælaeftirlit á einni hendi. Nú vinna um 68 einstaklingar hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og stærstur hluti þeirra sinnir eftirliti með matvælum og hollustuháttum og mengunarvörnum, auk þess sjá margir einnig um önnur verkefni sem sveitarfélög hafa falið heilbrigðiseftirliti. Áætlað er að hlutfall matvælaeftirlits af heildarumfangi verkefna nemi um 20 stöðugildum og er gert ráð fyrir að störfum hjá ríkinu fjölgi sem því nemur vegna flutningsins.

Sveitarfélögin bera nú allan kostnað við heilbrigðiseftirlit. Umfang verkefna sem heilbrigðiseftirlit sinnir er um 70% lögbundin verkefni, þ.e. um 25% eftirlit með matvælum og 45% með hollustuháttum og mengunarvörnum, líkt og fram kemur í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum frá því í júní 2025. Önnur verkefni skila engum eða litlum tekjum. Þegar horft er til heildartekna og framlags sveitarfélaga við heilbrigðiseftirlit hafa sveitarfélög borgað allt frá 23% til rúmlega 50% af heildarkostnaði. Með tilfærslu verkefna sem tengjast eftirliti með matvælum verða líkt og fram hefur komið til um 20 stöðugildi til hjá nýrri stofnun víðs vegar um landið. Einhver kostnaður gæti fallið á sveitarfélög vegna þessarar breytingar en fjárhagsáhrifin eru þó metin jákvæð vegna þess hagræðis sem af þeim hlýst. Lagt er upp með að aukinn útgjaldarammi ríkis við stöðugildin reiknist sem hluti af kostnaðargrunni gjaldskrár Stofnunar atvinnuveganna. Með tilfærslu verkefna sem falla undir eftirlit með matvælum má gera ráð fyrir að það starfsfólk sem kys að færa sig frá heilbrigðiseftirliti til Stofnunar atvinnuveganna fái forgang í þau störf með þeim fyrirvara að uppfylla skilyrði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ekki er gert ráð fyrir að störf á landsbyggðinni flytjist til höfuðborgarsvæðisins heldur er lagt upp með að eftirlit verði staðbundið og að staðbundin þekking haldist í héraði. Gert er ráð fyrir að til verði stofnun með öflugar starfsstöðvar um allt land og verða þær eflar ef þörf þykir.

Frumvarpið mun hafa áhrif á stjórnýslu Hugverkastofunnar þar sem hún tekur við umsýslu með skráningu afurðarheita samkvæmt lögum nr. 130/2014. Skráning afurðarheita mun þá bætast við umsýslu með skráningu annarra hugverkaréttinda. Umfang skráningar afurðarheita er óverulegt en frá gildistöku laga nr. 130/2014 hafa verið skráð hér á landi þrjú afurðarheiti. Þá er í frumvarpinu lagt til að birting á afurðarlýsingu, breyting á afurðarlýsingu og ógilding skráningar fari fram í Hugverkatíðindum en ekki í B-deild Stjórnartíðinda, en í Hugverkatíðindum er að finna auglýsingar og tilkynningar sem varða umsóknir og skráningar hugverka á Íslandi og því til einföldunar að upplýsingar er varða afurðarheiti séu birtar á sama stað og önnur hugverkaréttindi. Enn fremur er lagt til að fella brott fjárhæðir umsóknargjalda skv. 21. gr. laga um vernd afurðarheita og þess í stað lagt til að sett verði í gjaldskrá Hugverkastofunnar, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda, heimild til gjaldtöku fyrir móttöku og meðferð umsókna sem og breytingu á afurðarlýsingu en gjöldin skulu standa undir kostnaði Hugverkastofunnar vegna skráningar afurðarheita og þeirrar þjónustu sem veitt er. Skulu gjöld taka mið

af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðiþjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum.

6.3. Fjárhagsáhrif.

Um sóknarsameiningu er að ræða þar sem áherslan er á aukna skilvirkni, gæði og einfaldari stjórnsýslu til hagsbóta fyrir þjónustugega. Áhrif frumvarpsins á ríkissjóð eru talin óveruleg. Til skemmri tíma má ætla að einhver kostnaður vegna sameiningar og breytinga falli til, sem tengist flutningi starfsfólks, breytingum og aðlögun starfsstöðva, samræmingu eftirlitskerfa og öðrum verkefnum á sviði tækniinnviða og stafrænnar þróunar sem nauðsynleg er til að þróa þjónustuna, auka sjálfvirkni og gæði en einnig til að vinna upp tækniskuld stofnananna. Til lengri tíma má ætla að stærri eining leiði til hagræðingar í rekstri og gert er ráð fyrir að nýta það fjármagn í að efla stofnunina svo að hún verði vel í stakk búin til að sinna hlutverki sínu. Áætlað er að ávinningur verði í rekstri þegar frá líður. Uppsöfnuð þörf er hjá stofnunum fyrir ýmiss konar þróunarverkefni, sér í lagi á sviði stafrænnar þróunar og verkefna sem tengjast sjálfvirkni og stafrænum lausnum í þjónustu og eftirliti. Sömuleiðis er þörf fyrir aukið fjármagn í kjarnaverkefni.

6.4. Jafnréttisáhrif.

Frumvarpið hefur engin áhrif hvað varðar jafnrétti kynjanna. Það hefur jákvæð áhrif á byggðarlög þar sem öflugri vinnustaðir verða til og tækifæri til frekari þróunar og flutnings starfa eða starfa óháð staðsetningu.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er kveðið á um yfirstjórn stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að stofnunin verði hefðbundin ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra.

Um 2. gr.

Í greininni er fjallað um hlutverk stofnunarinnar. Hún skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, fiskræktar, lagareldis, matvælamála, dýravelferðar og heilbrigði dýra og plantna, sem og sinna hlutverki samkvæmt lögum um skiptaverð og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Þá annast stofnunin jafnframt daglega stjórnsýslu samkvæmt lögum og alþjóðlegum skuldbindingum sem snerta viðfangsefni stofnunarinnar.

Um 3. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um að ráðherra skipi forstjóra stofnunarinnar. Jafnframt er kveðið á um ábyrgð forstjóra. Af stöðu forstjóra sem yfirmanns leiðir að honum ber að skipuleggja starfsemi og rekstur stofnunarinnar, ráða starfsmenn og standa skil á fjárreiðum hennar og verkstjórn gagnvart fagráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Ríkisendurskoðun og umboðsmanni Alþingis, eftir því sem við á. Um hlutverk og ábyrgð forstöðumanna eru bæði ákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015.

Í 2. mgr. er kveðið á um að stofnunin geri árlega áætlun um störf stofnunarinnar, birti skýrslu og setji sér stefnu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að hjá stofnuninni skuli starfa yfirdýralæknir sem ráðinn sé af forstjóra. Yfirdýralæknir heyrir undir forstjóra Matvælastofnunar samkvæmt gildandi lögum

um Matvælastofnun, nr. 30/2018. Í frumvarpinu er lagt til að horfið verði frá því að ráðherra skipi yfirdýralækni. Í nóvember 2023 skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu um Matvælastofnun þar sem bent var á að það fyrirkomulag að ráðherra skipaði yfirdýralækni væri ekki í samræmi við almenna stjórnsýsluhætti. Ein af ábendingum Ríkisendurskoðunar var að þetta fyrirkomulag yrði endurskoðað. Er því lagt til að hverfa frá embættisskipan yfirdýralækni en lagt til að kveðið verði á um það að yfirdýralæknir skuli starfa hjá stofnuninni, að hann beri ábyrgð á nánar tilgreindum málaflokkum og hafi faglegt sjálfstæði í þeim málaflokkum sem hann hefur umsjón með. Þannig er tryggt að yfirdýralæknir verði hluti af skipulagi nýrrar stofnunar og það verði á ábyrgð forstjóra að ráða í starfið. Einnig er tekið er fram að yfirdýralæknir skuli vera fulltrúi Íslands í alþjóðasamskiptum á sviði dýraheilbrigðis og dýravelferðar. Að lokum er tekið fram að ráðherra skuli kveða nánari á um hlutverk yfirdýralækni í reglugerð.

Í 4. mgr. er kveðið á um að sérstök eining sé innan stofnunarinnar sem fari með hlutverk samkvæmt lögum um skiptaverð og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Gert er ráð fyrir að einingin verði sjálfstæð innan stofnunarinnar.

Í 5. mgr. er mælt fyrir um heimild ráðherra til að setja í reglugerð nánari ákvæði um skipulag og starfsemi stofnunarinnar.

Um 4. gr.

Í ákvæðinu er talin upp helstu verkefni Stofnunar atvinnuveganna en þó er ekki um tæmandi talningu að ræða. Stofnuninni verða falin verkefni samkvæmt fjölmörgum lögum.

Um 5. gr.

Í ákvæðinu felst almenn regla um heimildir við framsal eftirlits.

Um 6. gr.

Um er að ræða ákvæði um heimild hinnar nýju stofnunar til vinnslu og meðferðar persónuupplýsinga. Til að sinna eftirlitshlutverki sínu aflar stofnunin og vinnur með mikið magn gagna. Sum þessara gagna geta verið persónugreinanleg og því er nauðsynlegt að stofnunin hafi heimild til vinnslu persónuupplýsinga. Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga eru persónuupplýsingar skilgreindar sem sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling. Einstaklingur telst persónugreinanlegur ef unnt er að persónugreina hann, beint eða óbeint, svo sem með tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, lífeðlisfræðilegu, erfðafræðilegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti. Telja verður að til að mynda bændur, útgerðaraðilar, skip og skipaskrárnúmer geti fallið undir persónugreinanlegar upplýsingar og er því ljóst að stofnunin mun meðhöndla persónuupplýsingar í störfum sínum.

Miðað er við allar upplýsingar sem safnað hefur verið í eftirlitstilgangi eða upplýsingar til úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á málefna sviði stofnunarinnar og í samræmi við hlutverk hennar. Þá er mikilvægt að tiltaka að við meðferð slíkra mála verði að uppfylla skilyrði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Svipuð ákvæði voru áður í lögum um Fiskistofu, en sértæk ákvæði um rafrænt eftirlit og vöktun hafa verið færð í lög um stjórn fiskveiða. Um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga á grundvelli sérstakra heimilda til eftirlits er fjallað í sérlögum, svo sem heimilda til rafræns eftirlits og vöktunar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, vegna eignarhalds útgerðarféлага og annarra upplýsinga sem stofnuninni berast og eru nauðsynlegar í þágu opinbers eftirlits stofnunarinnar.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um gjaldskrá stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að ráðherra staðfesti nýja gjaldskrá stofnunarinnar fyrir þjónustu og eftirlit sem henni er falið að sinna samkvæmt frumvarpinu og öðrum lögum sem stofnunin mun starfa eftir.

Ákvæði um gjaldskrárheimildir er að finna í II. kafla laga um Fiskistofu en ekki er sérstök gjaldskrárheimild í lögum um Matvælastofnun heldur víða í sérlögum. Hér er farin sú leið að vera með stutt en skýrt ákvæði um útgáfu og birtingu gjaldskrár að fengnum tillögum hinnar nýju stofnunar, en lýsing á heimildum til að taka gjald fyrir tiltekna þjónustu og eftirlit kemur fram í sérlögum þar sem stofnunin hefur hlutverk, og þá bæði hvað varðar matvælamál og á sviði sjávarútvegs, til að mynda í lögum um stjórn fiskveiða.

Um 8. gr.

Ákvæði 1. mgr. þarfnast ekki skýringar.

Í 2. mgr. er kveðið á um að Matvælastofnun, Fiskistofa og Verðlagsstofa skiptaverðs verði lagðar niður við gildistöku laganna og að nýja stofnunin taki við hlutverki, verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum. Þá er einnig kveðið á um að lög um Matvælastofnun, nr. 30/2018, og lög um Fiskistofu, nr. 36/1992, falli úr gildi.

Í 3. mgr. er kveðið á um að embætti Fiskistofustjóra, forstjóra Matvælastofnunar, forstöðumanns Verðlagsstofu skiptaverðs og embætti yfirdýralæknis verði lögð niður við gildistöku laganna.

Í 4. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að skipa forstjóra stofnunarinnar áður en lögin taka gildi. Forstjóra verður heimilt frá og með skipun sinni og fram að þeim tíma sem stofnunin tekur til starfa að undirbúa starfsemi stofnunarinnar.

Um 9. gr.

Í a-lið eru lagðar til breytingar sem eru nauðsynlegar vegna tilfærslu verkefna samkvæmt frumvarpinu frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna. Annars vegar er lagt til að 24. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, falli brott, en þar eru opinberir eftirlitsaðilar skilgreindir sem Matvælastofnun eða heilbrigðisnefndir sveitarfélaga. Hins vegar er lagt til að í stað þess að vísa til opinberra eftirlitsaðila í 32. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna verði vísað til stofnunarinnar.

Í b-lið er kveðið á um breytingar á lögum um matvæli sem leiðir af nýrri stofnun.

Í c-lið er lögð er til breyting á 6. gr. laganna. Í gildandi lögum er í greininni upptalning á því sem Matvælastofnun hefur opinbert eftirlit með samkvæmt lögum um matvæli. Þess í stað er lagt til að kveðið verði á um það í ákvæðinu að Stofnun atvinnuveganna annist allt opinbert eftirlit samkvæmt lögunum.

Í d-lið er lagðar til breytingar á 8. gr. a laganna. Leiða breytingarnar af því að verkefni samkvæmt frumvarpinu verða færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í e-lið eru lagðar til breytingar á 8. gr. c laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í f-lið eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna sem leiðir af flutningi eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Stofnunar atvinnuveganna og miða að því að vísað verði til hennar í stað tilvísunar til opinbers eftirlitsaðila.

Í g-lið eru til breytingar á 10. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til nýrrar stofnunar.

Í h-lið er lögð til breyting á 3. mgr. 12. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í i-lið er lögð til breyting á 2. mgr. 13. gr. a laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í j-lið eru lagðar til breytingar á 14. gr. laganna. Leiða breytingarnar af því að verkefni samkvæmt frumvarpinu verða færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í k-lið eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna, en þar er fjallað um leyfisveitingar á grundvelli laganna. Lagt er til að kveðið verði á um að framleiðsla og dreifing matvæla verði háð leyfi stofnunarinnar, en samkvæmt gildandi lögum eru leyfisveitingar bæði í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og Matvælastofnunar.

Í l-lið eru lagðar til nokkrar breytingar á 22. gr. laganna. Í ákvæðinu er fjallað um opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla. Í 1. tölul. er lagt til, í samræmi við markmið frumvarpsins, að kveðið verði á um að stofninin fari ein með opinbert eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla í stað þess að heilbrigðisnefndir sinni því verkefni. Þá er lagt til í 3. tölul. að 2., 4. og 5. másl. 1. mgr. greinarinnar falli brott, en þau ákvæði eru ekki nauðsynleg verði allt eftirlit á vegum Stofnunar atvinnuveganna. Í 4. tölul. er lagt til að ákvæði 2.–5. mgr. verði felld brott og í 8. tölul. að ákvæði 8., 9. og 11. mgr. 22. gr. verði felld brott, en þar er fjallað um flutning og framsal verkefna milli eftirlitsaðila og verkaskiptingu milli heilbrigðisnefnda og Matvælastofnunar og um samræmingarhlutverk Matvælastofnunar. Verða ákvæðin óþörf þegar allt eftirlit með framleiðslu og dreifingu matvæla verður í höndum einnar stofnunar. Í 9. tölul. er lögð til breyting á 10. mgr. um skráningu og birtingu upplýsinga um opinbert eftirlit, sem er nauðsynleg vegna færslu eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Stofnunar atvinnuveganna.

Í m-lið eru lagðar til breytingar á 23. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í n-lið eru lagðar til breytingar á 23. gr. a laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í o-lið eru lagðar til breytingar á 24. gr. laganna sem leiðir af flutningi eftirlits frá heilbrigðisnefndum til Stofnunar atvinnuveganna og miða að því að vísað verði til stofnunarinnar í stað tilvísunar til opinbers eftirlitsaðila og felldar verði brott tilvísanir til heilbrigðisnefnda.

Í p-lið eru lagðar til breytingar á 25. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna. Í samræmi við það er lagt til að ákvæði 2. másl. 4. mgr. um að sveitarfélög skuli gefa út gjaldskrá fyrir eftirlitsskylda starfsemi heilbrigðisnefnda vegna opinbers eftirlits samkvæmt lögnum falli brott.

Í q-lið eru lagðar til breytingar á 27. gr. a laganna. Breytingarnar leiðir af því að verkefni samkvæmt frumvarpinu verða færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í 1. tölul. r-liðar eru lagðar til breytingar á 27. gr. b laganna þar sem fjallað er um landamærastöðvar. Hingað til hefur verið kveðið á um að Matvælastofnun starfræki landamærastöðvar en það eru eftirlitsstöðvar sem staðsettar eru við landamæri Evrópska efnahagssvæðisins gagnvart þriðju ríkjum þar sem landamæraskoðun á sendum með dýraafurðum frá þeim ríkjum fer fram. Á Íslandi eru fimm slíkar stöðvar. Matvælastofnun rekur allar stöðvarnar nema eina sem er í eigu einkaaðila. Landamærastöðvar eru starfræktar á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 en þar eru þær skilgreindar skv. 3. gr. sem

„staður og starfsstöðvar sem henni tilheyrja, sem aðildarríki tilnefna til að annast opinbert eftirlit sem kveðið er á um í 1. mgr. 47. gr.“. Ekki er gerð krafa um að aðildarríki starfræki sjálf stöðvarnar heldur tilnefna þau stöðvarnar og hafa eftirlit með þeim. Því er lagt til að horfið verði frá því að kveðið sé á um í lögum að opinber stofnun starfræki slíkar stöðvar og þess í stað muni stofnunin einungis tilnefni þær og hafa eftirlit með þeim. Í 3. tölul. r-liðar er lögð til breyting þess efnis að hugtakið *landamæraeftirlitsstöð* verði notað í stað *landamærastöðvar* í samræmi við íslenska þýðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625. Að endingu er í 4. tölul. lagt til að 6. mgr. 27. gr. b falli brott en þar er að finna tilvísun til laga sem felld voru brott með lögum nr. 144/2019.

Í s-lið eru lagðar til breytingar á 27. gr. e laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í t-lið eru lagðar til breytingar á 27. gr. f laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í u-lið eru lagðar til breytingar á 28. gr. a laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í v-lið eru lagðar til breytingar á 29. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í w-lið eru lagðar til breytingar á 30. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í x-lið er fjallað um álagningu dagsektar þegar fyrirmælum sem gefin eru á grundvelli laga um matvæli er ekki sinnt ásamt öðrum breytingum. Lagðar eru til breytingar sem leiðir af því að verkefni samkvæmt frumvarpinu verða færð frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna. Meðal annars er lagt til að ákvæði um að dagsektir sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga leggja á og renna til rekstraraðila falli brott, en verði frumvarpið að lögum munu dagsektir einungis verða lagðar á af stofnuninni og renna í ríkissjóð.

Í y-lið eru lagðar til breytingar á 30. gr. b laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í z-lið eru lagðar til breytingar á 30. gr. c laga um matvæli sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í aa-lið er lagt er til að 30. gr. e laganna verði felld brott. Í greininni er fjallað um þau tilvik þegar ágreiningur ríkir milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um framkvæmd laganna. Er ákvæðið óþarft ef samþykkt verður að færa eftirlit samkvæmt frumvarpinu frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í bb-lið er lögð til breyting á 30. gr. f laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verður fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í cc-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af breytingum sem lagðar eru til varðandi landamæraeftirlitsstöðvar, sbr. skýringu við r-lið.

Um 10. gr.

Í a-lið kveðið á um breytingar á 3. gr. laga um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis eða hefðbundinnar sérstöðu, nr. 130/2014, sem leiðir af nýrri stofnun.

Í b-lið er lagt til að felld verði brott orðið „skriflega“ í 1. mgr. 12. gr. laganna þar sem fullnægjandi er að umsókn sé skilað til Hugverkastofunnar og getur það t.d. verið með rafrænum hætti. Þá eru í greininni kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun og til Hugverkastofunnar.

Í c-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar. Einnig er lagt til að Stofnun atvinnuveganna taki við því hlutverki að veita umsögn um umsókn um skráningu afurðarheitis. Þannig er lagt til að Stofnun atvinnuveganna veiti umsögn um það hvernig umsókn um skráningu afurðarheitis samræmist kröfum skv. 4., 5. og 8. gr. laganna. Hugverkastofan mun áfram leggja mat á þá þætti umsóknarinnar sem snúa að tengslum við vörumerki. Ráðherra er heimilt skv. 2. tölul. 40. gr. laganna að setja nánari ákvæði um umsóknarferlið eins og öflun umsagna vegna umsóknar um skráningu afurðarheitis.

Í d-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar.

Í e-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar. Þá er lagt til að felld verði brott tímamörk í 1. mgr. 16. gr. laganna þar sem segir að ákvörðun um skráningu afurðarheitis skuli taka innan þriggja mánaða frá því að andmælafrestur skv. 15. gr. laganna er liðinn. Við framkvæmd ákvæðisins hefur ekki alltaf verið tekin ákvörðun innan þriggja mánaða, t.d. ef andmæli berast sem vinna þarf nánar úr. Í þeim tilvikum sem engin andmæli berast er unnt að skrá afurðarheiti strax að loknum andmælafresti. Þá er lagt til í 3. tölul. að í stað þess að birta ákvörðun um skráningu afurðarheitis ásamt afurðarlýsingu með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda fari birting fram í Hugverkatíðindum sem Hugverkastofan gefur út á rafrænu formi á hverjum miðvikudegi. Þar má finna auglýsingar og tilkynningar sem varða umsóknir og skráningar hugverka á Íslandi, svo sem á vörumerkjum, hönnun og einkaleyfi.

Vísast til skýringa við e-lið varðandi breytingu í f-lið.

Í g-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar. Einnig er lagt til að birting á breytingu á afurðarlýsingu skv. 19. gr. laganna verði í Hugverkatíðindum í stað auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í h-lið er m.a. kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar.

Í i-lið er lagt til að í stað þess að mæla fyrir um umsóknargjald í formi krónutölu í lögnum verði Hugverkastofnunni heimilt að taka gjald fyrir móttöku og meðferð umsókna samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að í gjaldskrá Hugverkastofunnar verði mælt fyrir um fjárhæð umsóknargjalds, hvort sem er vegna móttöku og meðferð umsókna eða vegna breytinga á afurðarlýsingu. Líkt og kom fram í greinargerð frumvarps þess er varð að lögnum er gjaldinu skv. 21. gr. ætlað að standa undir hluta af þeim kostnaði sem hlýst af meðferð umsókna og við umsýslu vegna breytingar á afurðarlýsingu. Mælt er fyrir um að gjöldin skuli taka mið af launum og launatengdum gjöldum, þjálfun og endurmenntun, aðkeyptri sérfræðipjónustu, húsnæði, starfsaðstöðu, búnaði og tækjum hjá Hugverkastofnunni.

Í j-lið er lögð til ný 22. gr. laganna og m.a. fallið frá hugtakinu *afurköllun* í fyrirsögn greinarinnar. Þess í stað er lagt til að Hugverkastofnunni verði heimilt að afnema skráningu. Þegar ákvörðun um skráning afurðarheitis er afnumin felur það í sér að þau réttindi sem þannig sköpuðust áttu ekki rétt á sér í upphafi. Einnig er horfið frá því að vísa í Matvælastofnun og þess í stað vísað til Hugverkastofunnar. Þá er lagt til það nýmæli í 3. mgr. að Stofnun atvinnuveganna verði falið að tilkynna til Hugverkastofunnar ef kemur í ljós við eftirlit skv. VII. kafla laganna að afurð er ekki framleidd í samræmi við afurðarlýsingu. Þá verði ekki um það villst hverjum beri að tilkynna Hugverkastofnunni þegar slíkt kemur upp við eftirlit Stofnunar atvinnuveganna. Einnig er lagt til, líkt og gert er í tillögum að breytingum á 16., 17. og 19. gr. laganna, að ógilding á skráningu afurðarheitis skuli birta í Hugverkatíðindum í stað auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í k- og l-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar.

Í m-lið eru lagðar til breytingar á 29. gr. laganna sem eru nauðsynlegar vegna tilfærslu verkefna samkvæmt frumvarpinu frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í n-lið er lagt til að gerðar verði breytingar á 30. gr. laganna. Í ákvæðinu er fjallað um framsal eftirlits. Leiða breytingarnar af því að framvegis verður gert ráð fyrir að stofnunin fari ein með eftirlit með framkvæmd laganna.

Í o-lið er lagt til að 2. mgr. 31. gr. falli brott þar sem eftirlit er fært til Stofnunar atvinnuveganna og í 5. gr. frumvarpsins um stofnunina er kveðið á um þagnarskyldu.

Í p-lið eru lagðar til breytingar á 32. gr. laganna þar sem fjallað er um gjaldtöku vegna eftirlits. Leiða breytingarnar af því að framvegis er gert ráð fyrir að stofnunin fari ein með eftirlit með framkvæmd laganna og þar af leiðandi verði gjaldtaka vegna eftirlits alfarið í höndum stofnunarinnar.

Í q-lið eru lagðar til breytingar á 33. gr. laganna sem eru nauðsynlegar vegna tilfærslu verkefna samkvæmt frumvarpinu frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í r-lið eru lagðar til breytingar á 34. gr. laganna þar sem fjallað er um stjórnvaldssektir. Í samræmi við meginefni frumvarpsins er lagt til að einungis stofnunin geti lagt stjórnvaldssektir á framleiðendur afurða sem brjóta gegn nánar tilgreindum ákvæðum laganna.

Í s-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Hugverkastofunnar.

Í t-lið er kveðið á um breytingar á stofnanaheiti frá Matvælastofnun til Stofnunar atvinnuveganna.

Í u-lið er lagt til að ákvarðanir Hugverkastofunnar og ákvarðanir nýrrar stofnunar á grundvelli laganna verði heimilt að kæra til ráðherra innan tveggja mánaða frá þeim degi sem ákvörðun er tekin.

Um 11. gr.

Í a-lið er kveðið á um breytingar á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, sem leiðir af nýrri stofnun.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á 3. gr. laganna sem leiðir af því að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verði fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna. Lagt er til að 2.–4. mgr. falli brott, en í þeim málsgreinum er fjallað um framsal Matvælastofnunar til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Í c-lið eru lagðar til breytingar á 6. gr. c laganna. Breytingarnar leiðir af nýrri stofnun og því að lagt er til að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verði fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í d-lið eru lagðar til breytingar á hugtakanotkun varðandi landamæraeftirlitsstöðvar.

Í e-lið eru lagðar til breytingar sem leiðir af nýrri stofnun auk breytinga á landamæraeftirlitsstöðvum, vísast til skýringa við r-lið 9. gr. um landamæraeftirlitsstöðvar.

Í f-lið er lagt til að gerðar verði breytingar á 7. gr. j laganna. Breytingarnar leiðir af nýrri stofnun og af tillögum um að eftirlit samkvæmt frumvarpinu verði fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Í g-lið er lögð til breyting á 8. gr. laganna. Breytingarnar leiðir af nýrri stofnun og því að samkvæmt frumvarpinu verður eftirlit fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Stofnunar atvinnuveganna.

Um 12. gr.

Í a-lið er kveðið á um breytingar á lögum um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, nr. 13/1998, sem leiðir af því að lagt er til að leggja Verðlagsstofu skiptaverðs niður og flytja verkefni hennar til Stofnunar atvinnuveganna.

Í b-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af því að lagt er til að leggja Verðlagsstofu skiptaverðs niður og flytja verkefni hennar til nýrrar stofnunar. Tekið er fram að innan hinnar nýju stofnunar verði verkefnið samkvæmt frumvarpinu rekin í sérstakri einingu með tilteknum starfsmönnum til að tryggja ákveðið sjálfstæði frá öðrum verkefnum stofnunarinnar.

Í c-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af því að lagt er til að leggja Verðlagsstofu skiptaverðs niður og flytja verkefni hennar til Stofnunar atvinnuveganna.

Í d–f-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af nýrri stofnun

Í g-lið er kveðið á um traustari heimildir stofnunarinnar til að afla upplýsinga um fiskverð og afurðaverð frá Skattinum. Það er talið nauðsynlegt svo að stofnunin geti borið saman upplýsingar sem útgerðir skila inn til stofnunarinnar og raunverð sem samið er um í útflutningi á fiski og afurðum og kemur fram í tollskýrslum. Þannig geti stofnunin ekki einungis aflað upplýsinga frá Skattinum í einstökum málum heldur einnig almennt, sem geta þá náð yfir tiltekið tímabil í senn.

Ákvæði h–j-liðar þarfnast ekki skýringar.

Í k-lið er kveðið á um nýtt heiti laganna þar sem lagt er til að leggja niður Verðlagsstofu skiptaverðs og flytja verkefni hennar til Stofnunar atvinnuveganna.

Um 13. gr.

Í a-lið er kveðið á um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, sem leiðir af nýrri stofnun.

Í b-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að Verðlagsstofa skiptaverðs verði lögð niður og verkefni hennar flytjist til Stofnunar atvinnuveganna.

Í c-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að Fiskistofa verði lögð niður og verkefni hennar flytjist til Stofnunar atvinnuveganna, ásamt breytingu á tilvísun til gjaldskrárheimilda nýrrar stofnunar.

Í d-lið er lögð til ný grein um gjaldtökuheimildir hinnar nýju stofnunar í lögum um stjórn fiskveiða. Lagt er til að gjaldtökuheimildir verði færðar úr lögum um Fiskistofu í sérlög á sviði sjávarútvegs, þ.e. í lög um stjórn fiskveiða, lög um umgengni um nytjastofna sjávar, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og lög um vinnslu afla um borð í skipum. Ráðherra staðfestir gjaldskrá stofnunarinnar og birtir í B-deild Stjórnartíðinda sem fyrr, sbr. ákvæði 7. gr. Þannig ná heimildir til gjaldtöku til útgáfu allra veiðileyfa og framkvæmdar eftirlits, svo og vegna úthlutunar og flutnings aflamarks og aflahlutdeildar og útgáfu vottorða. Tillagan miðar að skýrari heimild til gjaldtöku vegna sendingar tilkynninga, sjóstanga-veiðimóta, frístundaveiða, gagnavinnslu, aðgangs að vefþjónustu og annarra slíkra starfa, þar á meðal um ferðakostnað og tímagjald sérfræðinga. Gjaldskrá skal taka mið af heildarraun-kostnaði og má gjaldið ekki vera hærra en sá kostnaður. Að lokum er kveðið á um innheimtu gjalda eins og hefur verið í lögum um Fiskistofu.

Í e-lið er að finna nýja heimild fyrir Stofnun atvinnuveganna og forvera hennar. Skv. 18. gr. laganna ber stofnuninni að annast eftirlit með framkvæmd þeirra, þar á meðal að fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, svo og útflutningi afla eða afurða. Til að stofnunin geti rækt þetta lögbundna hlutverk sitt með fullnægjandi hætti er nauðsynlegt að hún hafi aðgang að áreiðanlegum upplýsingum um útflutning sjávarafurða. Frá því að lögin tóku gildi hefur

umhverfi rekstrar og stjórnsýslu tekið grundvallarbreytingum. Stafræn gagnaskráning, sjálfvirk gagnaöflun og gagnagreining í rauntíma eru nú lykilforsendur skilvirks eftirlits og gagnadrifinnar ákvarðanatöku. Í stefnu stjórnvalda um stafræna þjónustu hins opinbera er lögð áhersla á að nýta stafrænar lausnir til að auka skilvirkni, gagnsæi og hagkvæmni í stjórnsýslu. Til að eftirlit með fiskveiðiauðlindinni standist þær kröfur sem gerðar eru nú til dags þarf að tryggja að upplýsingaflæði milli stjórnvalda sé stafrænt, öruggt og sjálfvirk.

Atvinnuvegaráðherra skipaði haustið 2025 verkefnisstjórn um Beislun gagnaauðlindar í sjávarútvegi, með fulltrúum atvinnuvegaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar og Mátis. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er m.a. að greina veikleika í opinberum gögnum og samþættingu þeirra, sérstaklega hvað varðar skort á heildstæðum rekjanleika frá veiðum til sölu sjávarafurða. Niðurstaða verkefnisstjórnarinnar var að án aðgangs að stafrænum útflutningsgögnum væri nær útilokað að hafa raunhæft og skilvirkt eftirlit með útflutningi sjávarafurða og að rekja útfluttar afurðir sjálfvirk til vigtaðs afla, veiða, staðsetningar veiða, magns og fisktegundar. Skortur á slíkum upplýsingum takmarkar verulega getu stjórnvalda til að tryggja fullnægjandi rekjanleika í allri virðiskeðju sjávarafurða og til að bregðast markvisst við frávikum.

Skatturinn hefur talið að skýra lagaheimild skorti til afhendingar útflutningsgagna vegna ákvæða um þagnarskyldu skv. 188. gr. tollalaga, nr. 88/2005. Af þeim sökum er nauðsynlegt að kveða ótvírætt á um skyldu tollyfirvalda til að afhenda stofnuninni umbeðnar upplýsingar um útflutning sjávarafurða með stafrænum hætti, að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að stofnunin geti sinnt eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða.

Með lagabreytingunni, sbr. e-lið, verður þannig tryggður skýr lagagrundvöllur fyrir stafrænum upplýsingaskiptum milli stjórnvalda, skapaðar forsendur fyrir sjálfvirkum samanburði gagna um afla og útflutning, geta stjórnvalda til að greina og bregðast hratt við frávikum styrkt og lagður grunnur að fullnægjandi rekjanleika frá veiðum til útflutnings og sölu sjávarafurða. Breyting þessi er jafnframt í samræmi við ábendingar Ríkisendurskoðunar frá 2018 og 2023 um að efla stafrænt eftirlit og bæta gagnasamskipti milli stofnana til að styrkja eftirlit með fiskveiðiauðlindinni. Aðgangur að útflutningsgögnum er lykilforsenda þess að unnt sé að uppfylla þær kröfur og tryggja að eftirlit með nýtingu sameiginlegrar auðlindar þjóðarinnar sé skilvirkt, gagnsætt og í samræmi við bestu stjórnsýsluhætti. Samráð var haft við fulltrúa Skattsins varðandi ákvæðið og var breytingin unnin í samráði við Skattinn.

Í f-lið er lögð til ný grein um heimild fyrir Stofnun atvinnuveganna til að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum, sem eru búin myndavélum til upptöku, eða annan fjarstýrðan búnað sem getur safnað upplýsingum, m.a. með neðansjávarförum. Ákvæðið hefur verið í lögum um Fiskistofu en færast í lög um stjórn fiskveiða, verði frumvarpið samþykkt. Þá er nýmæli að heimilt sé að nýta einnig neðansjávarför en ekki einungis fjarstýrð loftför. Með sama hætti er mælt fyrir um vinnslu og meðferð persónuupplýsinga, sbr. 2. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992. Þá er lagt til að ákvæði 4. mgr. 18. gr. a, sem byggist á ákvæði til bráðabirgða í lögum um Fiskistofu sem rann út árið 2024, verði gert tímalaust og mæli fyrir um heimild fyrir Stofnun atvinnuveganna til að eiga samstarf við útgerðaraðila um rafræna vöktun í fiskiskipum.

Um 14. gr.

Í a-lið er kveðið á um breytingar á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006 sem leiðir af nýrri stofnun. Þá verður ekki skylda í lögum að reka sérstakt svið innan stofnunarinnar um lax- og silungsveiði, og gerð tillaga að fella brott það orðalag úr 1. mgr. 4. gr. laganna.

Í b-lið er kveðið á um breytingar á lögnum þar sem lagt er til að leggja Fiskistofu niður og flytja verkefni hennar til hinnar nýju stofnunar.

Í c-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af nýrri stofnun.

Í d-lið er lögð til ný grein um gjaldtökuheimildir hinnar nýju stofnunar. Þannig er lagt til að færa gjaldtökuheimildir og innheimtu gjalda úr lögum um Fiskistofu inn í sérlög, þ.m.t. á sviði lax- og silungsveiði, sbr. skýringar við d-lið 13. gr. Heimildir til gjaldtöku munu því ná til útgáfu leyfa, eftirlits og fleiri atriða.

Um 15. gr.

Í a-lið er kveðið á um yfirstjórn og framkvæmd stjórnsýslu samkvæmt lögum um skeldýra-rækt, nr. 90/2011, í ljósi þess að lagt er til í frumvarpinu að Fiskistofa og Matvælastofnun verði lagðar niður. Kveðið er á um að ráðherra fari með yfirstjórn mála samkvæmt frumvarpinu en framkvæmd stjórnsýslunnar verði að öðru leyti í höndum Stofnunar atvinnuveganna sem hafi eftirlit með því að ákvæðum frumvarpsins sé framfylgt. Þá er einnig lagt til að skýrt verði kveðið á um að Hafrannsóknastofnun vakti vöxt sviðþörungum en samkvæmt lögum um Hafrannsóknastofnun ber stofnunni að rannsaka lífríki og vistkerfi sjávar og ferskvatns. Með breytingunni er því skýrt að Hafrannsóknastofnun ber ábyrgð á vöktun á þörungavexti á ræktunarsvæðum og svæðum þar sem almenningu ténir kræklinga.

Í b-lið er kveðið á um breytingar sem leiðir af nýrri stofnun.

Í c- og d-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að leggja Matvælastofnun niður.

Í e-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að leggja Matvælastofnun niður og flytja verkefni hennar til Stofnunar atvinnuveganna.

Í f-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að leggja Fiskistofa niður.

Í g-lið er kveðið á um breytingar þar sem lagt er til að leggja Matvælastofnun niður.

Um 16. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um dýralyf vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 17. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lyfjalögum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 18. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 19. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um landgræðslu vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 20. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um veiðigjald vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 21. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um skipulag hafs- og strandsvæða vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 22. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á efnalögum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 23. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um náttúruvernd vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 24. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um velferð dýra vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 25. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um búfjárhald vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 26. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um stjórn vatnamála vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 27. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um útflutning hrossa vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 28. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um Fiskræktarsjóð vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 29. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fiskeldi vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 30. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 31. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um varnir gegn fisksjúkdómum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið eru lagðar til breytingar á skipun fisksjúkdómanefndar, um að nefndin verði skipuð þremur en ekki fimm einstaklingum, einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla

Íslands í meinafræði að Keldum, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og einn samkvæmt tilnefningu Stofnunar atvinnuveganna.

Um 32. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um fiskrækt vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 33. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um yrkisrétt vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 34. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið er lagt til að skýra hlutverk héraðsdýralækna.

Um 35. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið er að finna breytingu sem leiðir af því að lagt er til að færa gjaldtökuheimildir úr lögum um Fiskistofu í sérlög. Visast til skýringa við d-lið 13. gr.

Um 36. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið er að finna breytingu sem leiðir af því að lagt er til að færa gjaldtökuheimildir úr lögum um Fiskistofu í sérlög. Visast til skýringa við d-lið 13. gr.

Um 37. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á sóttvarnalögum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 38. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið er að finna breytingu sem leiðir af því að lagt er til að gjaldtökuheimildir verði færðar úr lögum um Fiskistofu í sérlög. Visast til skýringa við d-lið 13. gr.

Um 39. gr.

Með vísan til þeirrar breytingar sem lögð er til um að yfirdýralæknir verði ekki skipaður af ráðherra heldur ráðinn af forstjóra nýrrar stofnunar til samræmis við almenna stjórnsýsluhætti er lagt til að ekki verði kveðið á um yfirdýralækni sem embættismann í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um 40. gr.

Í a-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í b-lið er að finna breytingu sem leiðir af því að lagt er til að gjaldtökuheimildir verði færðar úr lögum um Fiskistofu í sérlög. Vísast til skýringa við d-lið 13. gr.

Um 41. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á búvörulögum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 42. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 43. gr.

Í a- og b-lið greinarinnar eru lagðar til breytingar á lögum um vinnslu afla um borð í skipum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Í c-lið er að finna breytingu sem leiðir af því að lagt er til að gjaldtökuheimildir verði færðar úr lögum um Fiskistofu í sérlög. Vísast til skýringa við d-lið 13. gr.

Um 44. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um sérstaks gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 45. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 46. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um innflutning dýra vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa. Auk þess er lagt til að í stað tilvísunar til yfir-dýralæknis í 4. gr. a, 6. gr., 13. gr. og 14. gr. laganna verði vísað til Stofnunar atvinnuveganna, með vísan til þeirra breytinga sem lagðar eru til um breytingar á embættisskipan yfir-dýralæknis, sbr. skýringar við 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Um 47. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um rannsóknadeild fisksjúkdóma vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 48. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 49. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 50. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á lögum um ávana- og fíkniefni vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um 51. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á vatnalögum vegna breytinga sem leiðir af nýrri stofnun og þarfnast þær ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er kveðið á um að öll störf hjá Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs séu lögð niður frá og með 1. janúar 2027 þegar hin nýja stofnun tekur til starfa. Kveðið er á um að starfsfólk Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs, að undanskildum forstjóra og tveimur forstöðumönnum, njóti forgangs til þeirra starfa sem munu verða til með tilkomu nýrrar stofnunar, að því gefnu að starfsfólk uppfylli hæfisskilyrði og önnur lögbundin skilyrði til starfsins. Til þess getur komið að gerðar verði breytingar á starfi eða starfsstigi, svo sem á stöðuheiti, í samræmi við nýtt skipulag og starfslýsingu.

Í 2. mgr. er kveðið á um að starfsfólki heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, sem unnið hefur við eftirlit með matvælum, og uppfyllir lögbundin skilyrði til starfsins sem og skilyrði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, eigi forgangsrétt til starfa hjá stofnuninni. Það á þó ekki við um starfsfólk heilbrigðisnefnda sem eingöngu hefur sinnt eftirliti með hollustuháttum og mengunarvörnum eða öðrum störfum hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að um 20 stöðugildi færist frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til hinnar nýju stofnunar og því er kveðið á um að ef fleiri starfsmenn heilbrigðisnefnda sveitarfélaga sækist eftir starfi en stöðugildi leyfa skuli fara fram hæfismat vegna þeirra stöðugilda sem í boði verða.

Í 3. mgr. er kveðið nánar á um inntak forgangsréttar skv. 1. og 2. mgr. auk þess sem sú málsmeðferð sem skal viðhöfð við beitingu 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða er nánar útfærð. Með því að mæla fyrir um forgang tiltekins starfsfólks, sbr. 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða, er verið að tryggja að unnt verði að ráða það starfsfólk sem fellur undir ákvæðið án þess að skylt sé að auglýsa stöðurnar opinberlega. Því starfsfólki er þar með tryggður forgangur umfram aðra til starfa hjá hinni nýju stofnun. Í forgangsrétti felst ekki að starfsfólki sé tryggð staða hjá hinni nýju stofnun enda kann svo að vera að fleiri sækist eftir starfi en sem nemur fjölda stöðugilda hjá stofnuninni. Í málsgreininni er kveðið á um að forstjóri skuli auglýsa störfin meðal þeirra starfsmanna sem njóta forgangs skv. 2. mgr. og er gengið út frá því að þeir sem hafa áhuga á að starfa hjá stofnuninni sækji um á þeim grundvelli. Ef umsækjendur eru fleiri en laus störf skal fara fram mat á hæfni þeirra sem sækjast eftir starfi eins og í hefðbundnum ráðningarmálum.

Í 4. mgr. er kveðið á um að starfsfólk Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs sem ræður sig hjá nýrri stofnun haldi þeim réttindum sem það hefur áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest þegar kjarasamningar gera ráð fyrir að sá réttur miði við samfellt starf hjá sömu stofnun. Var horft til laga um Umhverfis- og orkustofnun en sams konar ákvæði var bætt við í þau lög í kjölfar samráðs, sbr. ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 110/2024. Með frumvarpinu er lagt til að störf hjá Matvælastofnun, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs verði lögð niður og starfsfólki veittur forgangur til starfa hjá Stofnun atvinnuveganna. Ekki er þó kveðið á um niðurlagningu annarra starfa, þ.m.t. starfa við matvælaeftirlit hjá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Þótt rétt sé talið að láta forgangsákvæði

frumvarpsins ná einnig til þess starfsfólks sveitarfélaganna sem sækist eftir störfum hjá hinni nýju stofnun í kjölfar gildistöku laganna, nái frumvarpið fram að ganga, er aðstaða þessara tveggja hópa ekki sambærileg að öllu leyti þar sem einungis er verið að leggja niður störf þeirra fyrrnefndu. Af þeim sökum er ekki talin þörf á að kveða á um réttindi starfsfólks sveitarfélaga við starfslok, en um þau fer samkvæmt viðeigandi kjarasamningum.

Í 5. mgr. er kveðið á um að við ráðstöfun starfa skv. 1. og 2. mgr. ákvæðisins þurfi ekki að gæta að auglýsingaskyldu 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

Þá er að endingu kveðið á um heimildir Fiskistofu og Matvælastofnunar til þess að keyra saman gagnagrunna sína frá því að lögin eru samþykkt á Alþingi og þar til ný stofnun tekur til starfa 1. janúar 2027 til að undirbúa sameininguna.